

Ársskýrsla og reikningar UMSK 2016

93. ársþing 22. febrúar 2017





Ungmennasamband Kjalarnespings

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Stjórn	5
Fjöldi þingfulltrúa	6
Aðildarfélög UMSK	7
UMSK í tölum	10
Úr starfi UMSK	11
Afrekaskrá í frjálsum íþróttum	22
UMFÍ fréttir	25
Fréttapunktur frá ÍSÍ	28
Frá félögum	32
Viðurkenningar	47
Heiðursviðurkenningar	48
Afreksmannasjóður UMSK	52
Lög UMSK	53
Reikningar 2016	54

Skýrslan

Skýrsla 2016, lögð fram á 93. ársþingi
Ungmennasambands Kjalarnespings var unnin
á skrifstofu UMSK af Valdimar Gunnarssyni
í febrúar 2017.

Umbrot og hönnun:

Magnús Óskarsson

Höfundar efnis:

Valdimar Leó Friðriksson

Valdimar Gunnarsson

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson

Halla Kjartansdóttir

Ljósmyndir:

Úr safni UMSK, UMFÍ, ÍSÍ og frá félögum.

Prentun: Litlaprent.

Ávarp formanns

Ágætu Þingfulltrúar

Velkomin á 93. ársþing UMSK



Aðildarfélög UMSK telja í dag 50, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 45 deildir, samtals 95 einingar. Félagsmenn eru 75.008 og þar af eru 31.510 iðkendur í 32 íþróttagreinum.

Á síðustu árum höfum við leitast við að færa starfið nær aðildarfélögunum og þjónusta þau. Spyrja félögin hvað UMSK geti aðstoðað þau með, leitast við að gefa þeim vítamínssprautu þegar við á eða fara í rannsóknarvinnu til að bæta starfið.

Eitt af þeim verkefnum sem UMSK vann að á síðustu árum heitir „Sýnum karakter“. Það snýst um að auka áherslu á þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni barna og unglinga í íþróttum. Grunnhugmyndin að verkefninu kemur frá þeim Viðari Halldórsyni, félagsfræðingi við Háskóla Íslands, og Valdimar Gunnarsyni framkvæmdastjóra UMSK. Eftir að hafa prófað verkefnið hjá aðildarfélögunum var leitað eftir samstarfi við ÍSÍ og UMFÍ, til að koma verkefninu á framfæri út í alla íþrótta- og ungmenna-félagshreyfinguna.

Helsta markmiðið með verkefninu er að hvetja þjálfara og íþróttafélög til að leggja enn meiri og markvissari áherslu á að byggja upp góðan karakter hjá iðkendum, með sálrænni og félagslegri þjálfun.

„Sýnum karakter“ er einstaklega vel heppnað og hlýtur lof víða. Félög innan UMSK eru í forystu við að innleiða verkefnið í þágu iðkenda. Við viljum hvetja félögin til að nýta sér verkefnið og þá

verkfærakistu sem fylgir og hægt er að nálgast á samnefndri heimasíðu verkefnisins.

Afgangur varð af rekstri UMSK á síðasta ári og ákvað stjórnin að láta eina milljón króna af hagnaði renna til afrekssjóðs. Starf afrekssjóðs hefur efst á síðustu árum og aldrei áður hefur verið úthlutað eins miklu og á síðasta ári eða rúmum 8 milljónum, í styrki vegna þátttöku í mótum erlendis og til þjálfara aðildarfélaganna. Fyrir nokkrum árum hóf sjóðurinn að styðja við þjálfara sem vilja sækja sér aukna menntun erlendis og nam styrkur til þeirra einni milljón króna á síðasta ári.

Auk eflingu afrekssjóðs hefur verið unnið í að efla fræðslustarf á sambandssvæðinu og býður UMSK upp á námskeið og veitir styrki til námskeiðahalds.

Talandi um styrki. Eitt af verkefnum UMSK er að safna saman upplýsingum um sjóði sem aðildarfélögin geta sótt í og á heimasíðunni má sjá upplýsingar um 30 sjóði, bæði innlenda og erlenda. Ég vil hvetja þingfulltrúa til að skoða hvað er þar í boði og leita til skrifstofunnar eftir aðstoð við að sækja í sjóðina.

Ágætu þingfulltrúar.

Ég vil að lokum þakka stjórn, framkvæmdastjóra og aðildarfélögunum fyrir frábært starf og samstarf á árinu, með ósk um áframhald á því, okkur öllum til heilla.

Valdimar Leó Friðriksson Formaður UMSK



Stjórn UMSK



Formaður:

Valdimar Leó Friðriksson.
Furubyggð 32, 270 Mosfellsbæ
valdimarleo@umsk.is



Varaformaður:

Magnús Gíslason.
Þorrasölum 9, 201 Kópavogur



Gjaldkeri:

Guðmundur Sigurbergsson.
Lindasmára 57, 201 Kópavogur



Ritari:

Margrét Björnsdóttir.
Fellasmára 10, 201 Kópavogi.



Meðstjórnandi:

Lárus B. Lárusson.
Lindarbraut 8, 170 Seltjarnarnes



Varastjórn:

Sólveig Jónsdóttir.
Borgarholtsbraut 27, 200 Kópavogur



Þorsteinn Þorbergsson.
Ásbúð 3, Garðabæ



Helga Jóhannesdóttir.
Hjarðaland 4a, Mosfellsbæ



Framkvæmdastjóri:

Valdimar Smári Gunnarsson.
umsk@umsk.is,
sími 5144090 / 8948503

Dagskrá 93. ársþings UMSK

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
20. Kosning formanns.
21. Kosning tveggja stjórnarmanna.
22. Kosning þriggja manna í varastjórn.
23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
24. Kosning til Íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er haldið.
25. Þingslit.

Skrifstofa sambandsins er að Engjavegi 4, Reykjavík og er opin alla virka daga frá 9:00 -16:00.

Fjöldi þingfulltrúa á 93. ársþingi UMSK 2017

	Félag	Félagar 16 ára+	Þingfulltrúar
1	Augnablik	49	1
2	Bogfímifélagið Boginn	373	4
3	Dansfélagið Hvönn	416	4
4	Dansípróttafélag Kópavogs	738	7
5	Fótboltafélagið Skínandi	25	1
6	Golfklúbbur Álftaness	154	2
8	Golfklúbbur Mosfellsbæjar	942	9
9	Golfklúbbur Nesklúbburinn	739	7
10	Golfklúbburinn Oddur	1287	9
11	Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	1765	9
12	Handknattleiksfélag Kópavogs	10103	9
13	Hestaípróttafélagið Hörður	673	7
14	Hestamannafélagið Adam	56	1
15	Hestamannafélagið Sóti	94	1
16	Hestamannafélagið Sprettur	947	9
17	Hjólreiðafélagið Hjólamenn	44	1
18	Hnefaleikafélag Kópavogs	94	1
19	Hvíti riddarinn	52	1
20	Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	85	1
21	Íþróttafélagið Gáski	0	1
22	Íþróttafélagið Gerpla	7423	9
23	Íþróttafélagið Glóð	230	2
24	Íþróttafélagið Gróttu	1735	9
25	Júðófélag Garðabæjar	15	1

	Félag	Félagar 16 ára+	Þingfulltrúar
26	Knattspyrnufélag Garðabæjar	50	1
27	Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	126	1
28	Knattspyrnufélagið Krían	26	1
30	Knattspyrnufélagið Vatnaliljur	58	1
31	Knattspyrnufélagið Örninn	24	1
32	Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	45	1
33	Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar	39	1
34	Lyftingafélag Kópavogs	20	1
35	Lyftingafélag Garðabæjar	85	1
36	Rugbyfélagið Stormur	26	1
37	Siglingafélagið Ýmir	326	3
38	Skautafélagið Fálkar	0	1
39	Skotfélag Kópavogs	332	3
40	Skylmingafélag Seltj.	41	1
41	Stál-úlfur	108	1
42	Tennisfélag Garðabæjar	176	2
43	Tennisfélag Kópavogs	519	5
44	Umf. Álftaness	1196	9
45	Umf.Breiðablik	10043	9
46	Umf Drengur	0	1
46	Umf. Stjarnan	5728	9
47	Umf. Afturelding	6373	9
48	Motomos	245	2
49	Þríhjól	92	1
50	Kricketfélag Kópavogs	0	1
		53717	173

Aðildarfélög UMSK 2016



Afturelding www.afturelding.is
Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Dagný Kristinsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 8.457
Fjöldi iðkenda: 2.829



UMFÁ www.umfa.is
Ungmennafélag Álftaness
Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson
Fjöldi félagsmanna: 1442
Fjöldi iðkenda: 366



Breiðablik www.breiðablik.is
Breiðablik ungmennafélag, Kópavogi
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Sveinn Gíslason
Fjöldi félagsmanna: 13.759
Fjöldi iðkenda: 3.873



Gerpla www.gerpla.is
Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi
Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Harpa Þorláksdóttir
Fjöldi félagsmanna: 12.360
Fjöldi iðkenda: 1.812



Stjarnan www.stjarnan.is
Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ
Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Sigurður Bjarnason
Fjöldi félagsmanna: 8.853
Fjöldi iðkenda: 4.623



Gróttu www.grottasport.is
Íþróttafélagið Gróttu, Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Elin Smaradóttir
Fjöldi félagsmanna: 2.949
Fjöldi iðkenda: 2.269



HK www.hk.is
Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Sigurjón Sigurðsson
Fjöldi félagsmanna: 13.331
Fjöldi iðkenda: 4.299



Ymir www.siglingafelag.is
Siglingafélagið Ymir, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Sigríður G. Ólafsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 335
Fjöldi iðkenda: 270



Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað: desember 2014
Formaður: Guðjón Karl Þórisson
Fjöldi félagsmanna: 1.068
Fjöldi iðkenda: 1.068



Gáski (Óvirk)
Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 10. júní 1982
Formaður: Snorri Magnússon
Fjöldi félagsmanna: 0
Fjöldi iðkenda: 0



GKG www.gkg.is Golfklúbbur, Kópavogs og Garðabæjar
Félagið stofnað: 24. mars 1994
Formaður: Finnur Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 2.048
Fjöldi iðkenda: 2.048



Hörður www.hordur.is
Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Hákon Hákonarson
Fjöldi félagsmanna: 776
Fjöldi iðkenda: 776



Sprettur www.sprettarar.is
Hestamannafélagið Sprettur, Kópavogi/Garðabæ
Félagið stofnað: 29. júní 2012
Formaður: Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 1.289
Fjöldi iðkenda: 1.117



SFK
Skotfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Jóhann A Kristjánsson
Fjöldi félagsmanna: 333
Fjöldi iðkenda: 152



TFK www.tfk.is
Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Jón Axel Jónsson
Fjöldi félagsmanna: 693
Fjöldi iðkenda: 693



GO www.oddur.is
Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Elín Hrönn Ólafsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 1.312
Fjöldi iðkenda: 1.312



Söti www.hmfsoti.com/
Hestamannafélagið Söti, Bessastaðahreppi
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Jörundur Jökulsson
Fjöldi félagsmanna: 132
Fjöldi iðkenda: 132



NK www.golf.is/nk
Golfklúbbur Ness
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Ólafur Ingi Ólafsson
Fjöldi félagsmanna: 772
Fjöldi iðkenda: 772



Augnablik
Knattspyrnufélagið Augnablik
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Friðrik Þór Gunnarsson
Fjöldi félagsmanna: 49
Fjöldi iðkenda: 41

**ÍAK**

Íþróttafélag aldraðra Kópavogi
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Hörður Þorleifsson
Fjöldi félagsmanna: 85
Fjöldi iðkenda: 69

**Hvönn** www.hvonn.com

Dansfélagið Hvönn, Kópavogi
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hafsteinn Örn Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 876
Fjöldi iðkenda: 496

**DÍK** www.dansari.is

Dansíþróttafélag Kópavogs
Félagið stofnað: 1. desember 2001
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 1.504
Fjöldi iðkenda: 517

**Riddarinn** www.riddarinn.is

Hvítir Riddararinn
Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Agnar Freyr Gunnarsson
Fjöldi félagsmanna: 52
Fjöldi iðkenda: 51

**Skylmingafélag Seltjarnarness**

Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Guðrún Jóhannsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 53
Fjöldi iðkenda: 48

**ÍGK** www.glod.is

Íþróttafélagið Glóð, Kópavogi
Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Margrét Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 230
Fjöldi iðkenda: 223

**GÁ** www.golf.is/pages/klubbar/klubbasida

Golfklúbbur Álfhans
Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Halldór Klemenzson
Fjöldi félagsmanna: 172
Fjöldi iðkenda: 145

**Hjólammenn** www.hjolamenn.is

Hjólreiðafélagið Hjólammenn
Félagið stofnað: 11. nóvember 2004
Formaður: Árni Guðlaugsson
Fjöldi félagsmanna: 45
Fjöldi iðkenda: 45

**Motomos** www.motomos.is

Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað:
Formaður: Bjarni Sigurgeirsson
Fjöldi félagsmanna: 270
Fjöldi iðkenda: 237

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar

Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason
Fjöldi félagsmanna: 46
Fjöldi iðkenda: 25

**Tennisfélag Garðabæjar** www.tfg.is/

Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Eypór Rafn Þórhallsson
Fjöldi félagsmanna: 270
Fjöldi iðkenda: 189

**Knattspyrnufélag Garðabæjar**

Félagið stofnað: 12. mars 2008
Formaður: Lárus Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 50
Fjöldi iðkenda: 29

**Hestamannafélagið Adam Kjós**

www.kjos.is/felagasamtok/hestamannafelagid-adam/
Félagið stofnað 8. febrúar 2007
Formaður: Óðinn Elísson
Fjöldi félagsmanna: 60
Fjöldi iðkenda: 60

**Íþróttafélagið Stálúlfur**

www.stalulfur.blogcentral.is
Kópavogi
Félagið stofnað 1. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas
Fjöldi félagsmanna: 108
Fjöldi iðkenda: 106

**Judófélag Garðabæjar** www.jg.is

Félagið stofnað: 27. maí 2010
Formaður: Björn Halldór Halldórsson
Fjöldi félagsmanna: 81
Fjöldi iðkenda: 42

**Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar**

Félagið stofnað: 10. janúar 2011
Formaður: Grétar Dór Sigurðsson
Fjöldi félagsmanna: 39
Fjöldi iðkenda: 39

**Skautafélagið Fálkar**

Kópavogi
Félagið stofnað: 20. október 2010
Formaður: Helgi Páll Þórisson
Fjöldi félagsmanna: 0
Fjöldi iðkenda: 0

Rugbyfélagið Stormur

Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 29. september 2010
Formaður: Birnir Orri Pétursson
Fjöldi félagsmanna: 26
Fjöldi iðkenda: 26

**Bogfímifélagið Boginn** www.boginn.is

Kópavogi
Félagið stofnað: 10. Júlí 2012
Formaður: Guðmundur Þ. Guðjónsson
Fjöldi félagsmanna: 437
Fjöldi iðkenda: 303

**Knattspyrnufélagið Vatnaliljur**

Kópavogi
Félagið stofnað: 22. september 2012
Formaður: Kristinn Pálsson
Fjöldi félagsmanna: 58
Fjöldi iðkenda: 51

Knattspyrnufélagið Skínandi

Garðabæ
Félagið stofnað: 7. Janúar 2012
Formaður: Baldur G Jónsson
Fjöldi félagsmanna: 28
Fjöldi iðkenda: 4



Knattspyrnufélagið Ísbjörninn

Kópavogi
Félagið stofnað: 17. mars 2008
Formaður: Hafþór Karlsson
Fjöldi félagsmanna: 126
Fjöldi iðkenda: 16



Knattspyrnufélagið Örninn

Kópavogi
Félagið stofnað: 18. des 2013
Formaður: Vífill Traustason
Fjöldi félagsmanna: 24
Fjöldi iðkenda: 22



Knattspyrnufélagið Krían

Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 15. janúar 2014
Formaður: Pétur Már Harðarson
Fjöldi félagsmanna: 26
Fjöldi iðkenda: 26



Hnefaleikafélag Kópavogs

Félagið stofnað: 21. febrúar 2013
Formaður: Karen Ósk Nilsen Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 119
Fjöldi iðkenda: 119

Dansfélag Garðabæjar (Óvirk)

Félagið stofnað: 25. ágúst 2012
Formaður: Ingibjörg Gísladóttir



Lyftingafélag Garðabæjar

Félagið stofnað:
Formaður: Árni Björn Kristjánsson
Fjöldi félagsmanna: 96
Fjöldi iðkenda: 96



Lyftingafélag Kópavogs

Félagið stofnað:
Formaður: Jens Andri Fylkisson
Fjöldi félagsmanna: 23
Fjöldi iðkenda: 24



Krikkettfélag Kópavogs

Félagið stofnað: 2015
Formaður: Abhishek Chauhan.
Fjöldi félaga: 25
Fjöldi iðkenda: 25



Ungmennafélagið Drengur Kjós

Félagið stofnað: 2015
Formaður: Guðný Ívarsdóttir.
Fjöldi félaga: 0
Fjöldi iðkenda: 0

Eftirfarandi félög lögð niður:

Þríhjól Kópavogi
Siglingafélagið Sigurfari Seltjarnarnesi

Umsók eftirfarandi félaga

verða teknar fyrir á þinginu:

Knattspyrnufélagið Álafoss



UMSK í tölum

Fjöldi aðildarfélaga

50

Fjöldi iðkenda **31.510**
(karlar 56%, konur 44%)
16 ára og yngri 53% iðkenda.

Fjöldi félagsmanna **75.008**
(karlar 50% og konur 50%)
16 ára og yngri 28% félagsmanna

Fjöldi iðkenda pr. íþróttagrein sem stundaðar eru innan UMSK

Íþróttagrein:	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Bandý	40	43	24	42	59	118	150	204
Blak	409	451	585	633	782	920	1008	1073
Bogfimi						311	389	303
Badminton	74	62	68	0	52	71	71	105
Borðtennis	79	40	66	77	77	89	97	102
Dans	700	865	870	1431	1400	1499	1283	1649
Frjálsar íþróttir	290	273	454	425	354	502	502	364
Fimleikar	2290	2874	2759	2815	3341	3604	3841	4452
Golf	4985	4585	4936	4638	4894	4855	5469	5345
Hjólreiðar	36	36	39	39	42	65	0	169
Hnefaleikar						64	119	149
Handknattleikur	2066	1980	2013	2091	2557	2492	2680	2940
Judó			19	19	19	19	41	42
Íþróttir fatlaðra	35	35	33	33	33	30	30	0
Íþróttir fyrir alla	684	974	944	955	956	1236	1406	1711
Íshökkí						98	98	0
Karate	252	336	380	320	280	315	288	394
Körfuknattleikur	975	1138	1185	997	963	911	1045	1221
Kraftlyftingar	27	77	103	235	364	351	407	561
Knattspyrna	3086	3720	3778	3765	4032	4933	5457	5927
Hestaíþróttir	1884	1995	1936	1991	1990	1909	2042	2085
Lyftingar							115	19
Motorsport	155	165	180	197	204	227	111	237
Siglingar	232	239	241	246	250	253	252	252
Skák						27	0	145
Skíði	153	101	111	81	72	109	85	173
Skylmingar	39	39	39	39	39	47	47	48
Sund	103	316	658	309	332	599	579	362
Skotfimi	119	119	78	170	176	152	152	152
Taekwondo	45	82	124	145	247	226	240	296
Tennis	677	848	864	821	877	1153	955	882
Þrípraut						63	63	122

Úr starfi UMSK



Ársping UMSK 2016

92. ársþing UMSK var haldið miðvikudaginn 24. febrúar 2016 kl. 18.00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal. Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

Formaður lagði fram tillögu að þingforseta, Auði Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra UMFÍ.

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMSK fór yfir endurskoðaða reikninga sambandsins.

Samkvæmt ársreikningi 2015 voru rekstrartekjur krónur 77.938.291 og rekstrargjöld voru krónur 75.025.077.

Hagnaður ársins var krónur 3.471.437.



Hafsteinn Pálsson, stjórnarmaður ÍSÍ ávarpaði þingið.

Hafsteinn sæmdi Jónas Steinar Ingimundarson í Stjörnunni, Guðrún Kristín Einarsdóttir, Aftureldingu, Grétar Kristjánsson, Breiðablik og Guðmundur Jónsson, Breiðablik silfurmerki ÍSÍ.



Helga Jóhannesdóttir, gjaldkeri stjórnar Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) sæmdi fjóra einstaklinga starfsmerki UMFÍ.

Þórður S. Guðmundsson, Breiðablik, Hannes Strange, Breiðablik.

Sæmundur Hafsteinn Jóhannesson, Breiðablik og Steinar Lúðvíksson, Breiðablik. Helga sæmdi einnig þá Snorra Olsen, Stjörnunni og Valdimar Leó Friðriksson, Aftureldingu gullmerki UMFÍ.

Tvö ný félög voru samþykkt inn í UMSK

Kricketfélag Kópavogs

Hjólreiðafélagið Þríhjól Kópavogi

Viðurkenningar á 92. ársþingi UMSK:



Starfsmerki UMSK:

Gunnar Örn Egilsson, Stjörnunni,
Hilmar Júlíusson, Stjörnunni.
Ólafur Reimar Gunnarsson, Stjörnunni.
Sæmundur Friðjónsson, Stjörnunni.
Magnús Karl Danielsson, Stjörnunni.
Valgeir Sigurðsson, Stjörnunni.
Linda B. Gunnlaugsdóttir, Spretti.
Þorvaldur Sigurðsson, Spretti.



Silfurmerki UMSK:

Ásta Sigrún Gylfadóttir, HK.
Sigurjón Valdimarsson, Breiðablik.
Indriði Jónsson, Breiðablik.
Þorsteinn Hilmarsson, Breiðablik.
Tryggvi Þorsteinsson, Aftureldingu.
Sigríður Bjarnadóttir, Íþróttafélaginu Glóð.



Eftirtaldir aðilar hlutu gullmerki UMSK:

Jón Ingi Ragnarsson, Breiðablik.

Anna Ragnheiður Möller, Stjörnunni.

Afreksbikarar UMSK:



Skiðabikar UMSK

Erla Ásgeirsdóttir, Breiðablik.



Frjálsíþróttabikar UMSK

Sindri Hrafn Guðmundsson, Breiðablik.



UMFÍ bikarinn - Meistaraflokkur kvenna - Fimleikar Stjarnan.



Dansbikarinn UMSK Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir, HK.



Sundbikar UMSK Brynjólfur Óli Karlsson, Breiðablik



Fimleikabikarinn Norma Dögg Róbertsdóttir, Gerplu



Íþróttakarl UMSK Jón Margeir Sverrisson, Kópavogi



Íþróttakona UMSK – Fanney Hauksdóttir, Gróttu



Kosning í stjórn UMSK

Valdimar Leo Friðriksson var kosinn formaður til eins árs. Margrét Björnsdóttir Ými og Lárus B. Lárusson Gróttu voru kosin til tveggja ára. Guðmundur Sigurbergsson Breiðabliki og Magnús Gíslason HK sitja áfram.

Í varastjórn voru kosin Þorsteinn Þorbergsson Stjórnnunni og Helga Jóhannesdóttir Aftureldingu og Sólveig Jónsdóttir Gerplu.



Ársskýrslan

Ársskýrsla sambandsins er gefin út í tengslum við ársþingið. Þar er að finna upptalning á verkefnum sambandsins og ýmsar tölulegar upplýsingar. Fyrir nokkrum árum fórum við að birta í skýrslunni stutta samantekt frá aðildarfélögunum um starfið hjá þeim. Félögin hafa flest hver verið mjög dugleg við að senda inn efni frá sér. Ekki er þó hundrað prósent skil en það fækkar alltaf þeim sem ekki skila á hverju ári. Viljum við þakka félögunum fyrir hvað vel þau hafa tekið í þetta. Fyrir utan það að vera ómetanleg heimild um félögin í framtíðinni þá sýnir þetta glöggt hve mikið og öflugt starf fer fram á sambandssvæði UMSK.

Stjórnarfundir

Stjórn UMSK hefur haldið tíu fundi á tímabilinu. Stjórnarfundir eru yfirleitt haldnir á skrifstofu sambandsins í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.



Fræðsluverkefni

Sambandið hefur lagt áherslu á aukna fræðslu til aðildarfélaganna með því að bjóða uppá fræðslufyrirlestra ásamt því að styrkja einstök fræðsluverkefni hjá félögunum. Einnig stendur þjálfurum til boða að fá styrki til að sækja námskeið erlendis. Áfram verður haldið á sömu braut 2017 og eru félög hvött til að hafa samband við skrifstofuna til að sjá hvaða möguleika þau hafa varðandi fræðslu.

Starfskýrslur

Samkvæmt 8. grein í lögum ÍSÍ skulu allir sambandsaðilar, íþróttafélög, íþróttahéruð og sérsambönd skila inn skýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Skýrslunum skal skila í Felix - félagakerfi íþróttahreyfingarinnar www.felix.is.

Í starfskýrslum eru upplýsingar um félagsmenn, iðkendur eftir íþróttagreinum, stjórnarmenn og lykiltölur úr ársreikningi. Haldið er utan um þessar upplýsingar fyrir hvert ár. Þannig er hægt að vinna tölfraði úr þessum gögnum og gera samanburð milli ára. Upplýsingarnar eru m.a. mælikvarði á stærð og þróun íþróttagreina og héraða og hefur áhrif á fulltrúafjölda á þingum og úthlutun á Lottó.

Mikilvægt er að standa við dagsetningu skilafrests og viljum við hvetja menn til þess.



Nýr Felix

Félagakerfið Felix var innleitt fyrir ÍSÍ og UMFÍ árið 2002. Kerfið er því búið að vera í notkun í yfir 15 ár og því var orðið tímabært að uppfæra kerfið í nýja útgáfu sem tekur mið af tækniþróun, reynslu notenda og nýjum þörfum og er sú vinna á síðustu metrunum.

Markmiðið með endurbótum á félagakerfinu eru tvíþættar. Annarsvegar er um að ræða einfaldaða útgáfu af miðlægu starfsskýrslu-, tölfraði- og skýrslugerðarkerfi og hins vegar nýtt félagakerfi í vefumhverfi sem hannað hefur verið sem sjálfstætt kerfi fyrir hverja starfsstöð í íþróttahreyfingunni. Kerfin munu vinna saman sem heildstæð lausn auk þess sem önnur kerfi 3ja aðila munu tengjast kerfinu með vefþjónustum. Nýta á sjálfvirkar vefþjónustur á milli kerfa til að uppfæra miðlægan grunn kerfisins þ.a. hann sýni rauntölur á hverjum tíma.

Nýr Felix býður uppá eftirfarandi nýjungar:

Vöruhús gagna – miðlægt á landsvísi

Felix safnar saman gögnum um félagaumsýslu íþróttafélaga á landsvísi. Gögnin eru uppfærð daglega fyrir skýrslugerð og tölfraði úrvinnslu. Notendur eru sérsambönd, héraðssambönd, skrifstofa ÍSÍ og skrifstofa UMFÍ.

Kerfi fyrir íþróttafélög

Hvert íþróttafélag fær uppsett kerfi í Felix fyrir félagaumsýslu. Sniðmát sérsambanda stýrir tengingu kerfisins við miðlæga vöruhús gagna. Félögin geta auk þess sett upp hópa og viðfangsefni að vild. Kerfið stýrir innheimtu félags- og iðkendagjalda m.a. með tengingu í fjölskyldugátt Felix. Félög sem nota önnur félags- og innheimtukerfi geta tengst Felix með vefþjónustu.

Þjálfarar

Þjálfarar fá aðgang að kerfi sem gerir þeim kleift að skrá mætingu, hafa samskipti við iðkendur og foreldra og vinna með dagatal hópna. Dagatal hópna ætti að innihalda mót, keppnisferðir, æfingar, fundi og aðra viðburði hvers hóps. Dagatalið er tengt við fjölskyldugátt Felix þ.a. iðkendur og foreldrar geta fylgst með og haft samskipti sín á milli.

Fjölskyldugátt

Foreldrar og iðkendur skrá sig í Felix á þessari síðu og fá aðgang að vefsíðu þar sem hægt er að finna námskeið hjá íþróttafélögunum, greiða iðkenda og félagsgjöld og fleira. Hægt er að sjá hvernig fjölskyldumeðlimir hafa verið og eru skráðir í íþróttahreyfingunni. Auk þess er þar að aðgangur að dagatali þjálfara, þ.e. í þeim hópum þar sem fjölskyldumeðlimir eru skráðir. Þar geta foreldrar t.d. haft samskipti við þjálfara ef þarf.



Lottóið og getraunir

Íslensk getsþá og Íslenskar getraunir eru tvö sjálfstæð félög en með einn framkvæmdastjóra. Í gildi er þjónustusamningur milli félaganna um að Íslensk getsþá sjái um rekstur Íslenskra getrauna. Hluti af andvirði allrar sölu félaganna renna beint til uppbyggingar og starfsemi æskulýðs- og íþróttamála og til málefna öryrkja.

Íslensk getsþá er í eigu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem á 46,67% hlut, Öryrkjabandalagið á 40% og Ungmennafélag Íslands 13,33%.

Íslenskar getraunir eru sjálfseignarstofnun innan íþróttahreyfingarinnar þar sem aðild eiga ÍSÍ og UMFÍ eins og hjá Íslenskrum getsþá, auk Knattspyrnusambands Íslands, Íþróttabandalags Reykjavíkur og Íþróttanefndar ríkisins.


Lottótekjur UMSK

UMSK fær tekjur úr Lottói bæði frá UMFÍ og ÍSÍ. Lottóinu er síðan deilt út til félaganna eftir ákveðnum reglum. Lottoreglur UMSK eru eftirfarandi:

1. 14% renna til sambandsins
2. 7% renna til Afrekssjóðs UMSK
3. 79% renna til aðildarfélaga samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100%):
 - Þeim 79% sem koma í hlut félaganna verði fyrst skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaganna á sambandssvæðinu m.v. íbúaskrá 1. desember ár hvert og síðan innbyrðis innan sveitarfélaganna eftir iðkendafjölda félaganna m.v. upplýsingar í FELIX.
 - Iðkendur hafi mismikið vægi eftir aldri þegar kemur að útreikningi hlutar hvers félags, þannig hafi iðkendur 5 ára og yngri stuðulinn (1), iðkendur 6-12 ára stuðulinn (3), iðkendur 13 – 18 ára stuðulinn (5), iðkendur 19 – 24 ára stuðulinn (3) og iðkendur 25 ára og eldri stuðulinn (1).

Tekjur af Lottóinu hafa verið að aukast ár frá ári og árið 2016 námu þær 77.486.692. Til sambandsins runnu 10.907.279, í Afrekssjóðinn 5.453.640 og hlutur félaga 61.125.773.

Skipting Lottó



Listi yfir úthlutun til félaga 2016:

GKG	2.991.140	Glóðin	183.368
Sprettur	2.287.988	Hvönn	447.804
UMFÁ	936.910	Hjólamenn	83.963
Stjarnan	9.594.743	Stál-úlfur	151.520
GÁ	234.636	Ísbjörninn	20.267
Oddur	1.245.943	Stormur	39.604
Sóti	304.128	Falkar	111.951
KFG	44.965	Boginn	873.411
TFG	525.683	Vatnaliljur	37.639
Júdo Garð	125.085	Afturelding	6.230.068
Skinandi	9.811	Golfkl. Mosfellsb.	1.633.389
Adam	215.871	Riddarinn	81.708
Breidablik	8.922.517	Hörður	1.128.279
HK	10.135.412	Motom	179.758
Ýmir	359.015	Kraft Mos	41.243
Gerpla	4.124.816	Gróttu	3.505.745
DÍK	1.397.458	Skyllm. Seltj.	105.463
Gáski	28.953	GN	714.968
Skotf. Kóp	171.787	Zetor	37.094
TFK	1.660.929	Hnef. félag Kópa.	292.424
Augnablik	120.637	Krían	45.095
ÍAK	80.103	Örninn	84.928

Forvarnardagur 2016

Forvarnardagur 2016 var haldinn miðvikudaginn 12. október. Dagurinn er helgaður nokkrum heilaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu.

Forvarnardagurinn er haldin að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Íslenskar rannsóknir sýna að þeir unglingar sem verja minnst klukkustund á dag með fjölskyldum sínum eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegra sé að ungmenni sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulífsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknirnar fram á að því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegra er að þau neyti síðar fíkniefna.

Niðurstöðurnar byggja á rannsóknum vísindamanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík sem hafa um árabíl rannsakað áhættu hegðun ungmenna og hafa þær vakið alþjóðlega eftirtekt.



Skrifstofa UMSK

Skrifstofa UMSK er á Engjavegi 6, 104 Reykjavík (Íþróttamiðstöðinni Laugardal). Framkvæmdastjóri sambandsins er Valdimar Gunnarsson. Þar er daglegum rekstri sambandsins stýrt auk þess geta aðildarfélagin leitað þangað eftir upplýsingum og ráðgjöf.

Sími á skrifstofunni er 514 4090 / 894 8503

og netfang umsk@umsk.is • Heimasíða www.umsk.is.



Dansmót UMSK

Opna UMSK dansmótið var haldið í Smáranum í Kópavogi í október. Mótið var hið glæsilegasta, bæði umgjörð og framkvæmd var dansfélögum í Kópavogi til sóma. Í ár tóku þrettán erlend danspör þátt en þau komu frá Danmörku, Írlandi og Noregi og nokkuð ljóst að hróður mótsins hefur farið víða. Félagin inna UMSK keppa um bikar á mótinu og vann Dansíþróttafélag Kópavogs bikarinn í ár.



Handboltamót UMSK 2016

UMSK-mót karla í handbolta fór fram í Íþróttahúsinu Digranesi í Kópavogi dagana 18 – 20 ágúst 2016. Þar áttust við Gróttu, HK, Stjarnan og Víkingur. Gróttu stóðu uppi sem sigurvegarar í UMSK mótinu 2016.

- | | |
|-------------|---------|
| 1. Gróttu | 6. stig |
| 2. Stjarnan | 4. stig |
| 3. Víkingur | 2. stig |
| 4. HK | 0. stig |



Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er einn liður í verkefni UMFÍ ganga.is. Sambandsaðilar tilnefna fjall á sínu svæði og setja póstkassa á topp fjallsins með gestabók í. Reynt er að hafa fjöllin tiltölulega létt yfirferðar þannig að öll fjölskyldan geti tekið þátt. Undanfarin ár hefur UMSK tilnefnt Úlfarsfell sem okkar fjall í verkefninu og er ótrúlegur fjöldi sem skrifar sig í gestabókina á hverju sumri.



Sundmót UMSK

Meistaramót UMSK í sundi var haldið í Sundlaug Kópavogs í október. Góð þátttaka var á mótinu en framkvæmd þess var á höndum Sunddeildar Breiðabliks.

Íþróttasjóður Ríkisins

Íþróttasjóður Ríkisins auglýsir styrki einu sinni á ári 1. október.

Sjóðurinn styrkir eftirfarandi verkefni:

- Sérstök verkefni á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar.
- Útbreiðslu- og fræðsluverkefna.
- Íþróttarannsóknna.
- Verkefna samkvæmt 13. gr. íþróttalaga

Styrkir úr ferðasjóði ÍSÍ

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrótt- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands. Íþrótt- og Ólympíu-sambandi Íslands var falin umsjón á útreikningi og úthlutunum úr sjóðnum.

Styrkjum er úthlutað eftir á, í febrúar hvers árs, vegna keppnisferða ársins á undan.

Öll íþrótt- og ungmennafélög innan vébanda ÍSÍ geta sótt um styrk úr sjóðnum.



Skólahlaup UMSK

Hið árlega Skólahlaup UMSK var haldið á Varmárvelli Mosfellsbæ. Rúmlega sjöhundruð nemendur í 4. -7. bekk í grunnskólum á sambandssvæði UMSK tóku þátt í hlaupinu. Þrír fyrstu í hverjum árgangi fá verðlaunapening bæði í stráka- og stelpnaflokki.

Nöfn þeirra sem lentu í 1. -3. sæti í hverjum aldursflokki:

6.bekkur stúlkur

1. Margrét Lea Lindaskóla
2. Viktoria Paris Sabido Kópavogsskóla
3. Guðmunda Marta Lindaskóla

6.bekkur strákar

1. Örn Ragnarsson Varmárskóla
2. Arnar Smári Lindaskóla
3. Lúkas Magni Magnason Lindaskóla

7.bekkur stúlkur

1. Þórdís Katla Sigurðardóttir Lindaskóla
2. Eyrún Vala Kópavogsskóla
3. Sara Dögg Áspórsdóttir Lágafellsskóla

7.bekkur strákar

1. Viktor Andri Lindaskóla
2. Alexander Broddi Lindaskóla
3. Nökkvi Gunnarsson Kópavogsskóla

4. bekkur stúlkur

1. Elísabet Ýr Guðjónsdóttir Lágafellsskóla
2. Melkorka Kristín Jónsdóttir Kópavogsskóla
3. Emma Sigurðardóttir Lágafellsskóla

4.bekkur strákar

1. Bjarki Valur Guðmundsson Lágafellsskóla
2. Alexander Vilhjálmsson Lágafellsskóla
3. Gabríel Sær Hallsson Lindaskóla

5. bekkur stúlkur

1. Ingunn Böðvarsdóttir Kópavogsskóla
2. Álfur Haraldsdóttir Kópavogsskóla
3. Sydney Sól Kópavogsskóla

5.bekkur strákar

1. Enes Þór Varmárskóla
2. Björn Einarsson Lágafellsskóla
3. Hrafn Guðmundsson Lágafellsskóla



Í Skólahlaupi UMSK er keppt um Bræðrabikarinn en þann bikar hlýtur sá skóli sem kemur með hlutfallslega flesta nemendur í hlaupið. Að þessu sinni var það Varmárskóli í Mosfellsbæ sem hlaut hann en 91% nemenda skólans í 4.-7. bekk tóku þátt í hlaupinu.

Bocciamót UMSK

Bocciamót UMSK í tvímenningi var haldið í Íþróttamiðstöðinni Varmá í febrúar. Áttatíu og tveir keppendur voru skráðir til keppni og er þetta fjölmennast mótið sem haldið hefur verið en þetta var í þriðja sinn sem UMSK stendur fyrir slíku móti.



Í þremur efstu sætum voru eftirfarandi:

1. Meinhard Berg – Þórhallur Teitsson – Borgarfirði
2. Jón Sverrir Dagbjartsson – Gunnlaugur Skaftason – Garðabæ
3. Svana Svanþórsdóttir – Páll Þorsteinsson – Kópavogi



Styrkur til Ólympíufara

UMSK veitti Þorsteini Halldórssyni, Bogfímifélaginu Boganum, styrk að upphæð kr. 500.000 vegna þátttöku hans í Paralympics í Río Brasília dagana 7. -18. september 2016. Fimm afreksmönnum úr röðum fatlaðra tókst að tryggja sér þátttökurétt á leikunum, þrír sundmenn, frjálsíþróttamaður og svo Þorsteinn en hann er fyrsti bogfímikeppandinn sem hefur keppt fyrir hönd Íslands á Paralympics.

Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ eru vímalaus íþrótt- og fjölskylduhátíð sem haldin er árlega og ætíð um verslunarmannahelgina. Mótin eru haldin á mismunandi stöðum og var haldið að þessu sinni í Borgarnesi. Unglingalandsmótið er öllum opið á aldrinum 11 - 18 ára. Allir geta tekið þátt, óháð hvort viðkomandi sé í einhverju íþróttafélagi eða ekki. UMSK hefur niðurgreitt þátttökugjöl keppenda af UMSK svæðinu og í ár voru 180 þátttakendur frá UMSK. Næsta Unglingalandsmót verður haldið á Egilsstöðum.



Landsmót 50 + á Ísafirði

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Ísafirði dagana 10.-12. júní.

Allir sem eru 50 ára og eldri geta tekið þátt í Landsmóti 50+. Þar er keppt í fjölmörgum hefðbundnum og óhefðbundnum keppnisgreinum og allir geta verið hvort sem þeir eru í Ungmennafélagi eða ekki. Landsmót UMFÍ 50+ er ekki einungis íþróttamót heldur einnig heilsuhátíð og þar er boðið upp á fyrirlestra um heilbrigðan lífsstíl og ýmsar heilsufarsmælingar.

Á meðal hefðbundinna greina á Ísafirði voru skák og sívinsælar greinar á borð við þútt, bridge og boccia. Á meðal annarra greina voru þríþraut, kajak, sund og strandþak, karfa, golf, frjálsar, bogfimi, skotfimi og badminton. Svo má auðvitað ekki gleyma stígvélakastinu!

Afreksmannasjóður

Afreksmannasjóður er fjármagnaður með 7% af Lotótekjum sambandsins og nam framlag í sjóðinn 6.453.640 ári 2016. Úr sjóðnum var greitt 8.150.000.

Í reglugerð sjóðsins segir að eftirfarandi verkefni séu styrkhæf:

Þáttaka í landsliðsferðum, Norðurlandamótum, Evrópumótum, heimsmeistaramótum innanlands og utan og Olympíuleikum. Einnig styrkir sjóðurinn þjálfara til að sækja viðurkennd þjálfaranámskeið erlendis sem ekki er hægt að sækja hér heima.


Dreifing styrkja eftir bæjarfélögum:



Dreifing á úthlutuðum styrkjum til félaga:



Dreifing þjálfarastyrkja eftir félögum:




Ánægjukönnun


UMSK hefur verið með í könnun sem Rannsókn og greining gerði meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk um ánægju þeirra með íþróttafélagið sitt o.fl.. Könnunin var lögð fyrir alla nemendur á landinu í þessum bekkjum í febrúar 2016. Nemendur voru beðnir um að merkja við hjá hvaða íþróttafélagi þau æfa mest. Þannig var hægt að greina svör niður á íþróttafélög en aðeins 7 félög innan UMSK reyndust nægjanleg stór til að niðurstöður væru marktækar. Tekin var saman skýrsla fyrir þessi félög og svo heildarskýrsla fyrir UMSK. Niðurstöður í heild eru að félög innan UMSK eru að standa sig vel bæði hvað varðar starfið og einnig hvað varðar forvarnir því neysla á áfengi og öðrum vímuefnum eru yfirleitt undir landsmeðaltali.

Skýrsluna í heild má finna á heimasíðu UMSK

Hér fyrir neðan má sjá tvö súlurit úr skýrslunni. Annað um notkun neftóbaks og hitt um áfengisnotkun og UMSK borið þar saman við landsmeðaltal.



Hlutfall (%) nemenda í 8., 9. og 10 bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftar sl. 30 daga. Samanburður milli íþróttahéraða meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem stunda íþróttir.



Hlutfall (%) nemenda í 8., 9. og 10 bekk sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar um ævina. Samanburður milli íþróttahéraða meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem stunda íþróttir.

Söguritun

Jón M. Ívarsson hefur undanfarin ár með hléum verið að skrifa sögu UMSK. Búið er að skrifa söguna til 1962 og safna öllum myndum sem því tímabili tilheyrir en það hefur verið talsverð vinna við það. Næstu ár ættu að vera auðveldari því þá erum við kominn nær í tíma og auðveldara ætti að vera að ná í heimildir.



Formannafundur ÍSí

Árlegur Formannafundur ÍSí var haldinn, föstudaginn 11. nóvember í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Fundurinn er upplýsingafundur framkvæmdastjórnar ÍSí og formanna sérsambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga, þar sem framkvæmdastjórn ÍSí gefur skýrslu um helstu þætti í starfsemi ÍSí og verkefni á milli þinga. Magnús Gíslason varaformaður sat fundinn fyrir hönd UMSK.



Hreyfivika UMFÍ

UMFÍ hefur í fimm ár í röð tekið þátt í evrópskri lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move eða Hreyfiviku UMFÍ. Markmið verkefnisins er að fá hundrað miljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020. Nokkur félög á UMSK svæðinu tók þátt í verkefninu. Verkefnið er kjörið til þess að kynna starf félaganna auk þess að fá fleiri til að hreyfa sig.



Sýnum karakter

„Sýnum karakter“ er átaksverkefni um þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á að hægt sé að þjálfra og styrkja sálræna og félagslega færni iðkenda eins og líkamlega færni.

Áherslan í íþróttþjálfun hefur til þessa verið á líkamlega og tæknilega færni. Helsta markmið með verkefninu er því að hvetja þjálfara og íþróttafélög til að leggja enn meiri og markvissari áherslu á að byggja upp góðan karakter hjá iðkendum, með þjálfun sálrænna og félagslegra eiginleika barna og ungmenna. Þjálfun karakters barna og ungmenna í íþróttum gerir íþróttafélögum kleift að sinna hvort í senn uppeldisluta og afrekshluta íþróttastarfsins, því góðir karakterar eru vel í stakk búnir til að takast á við lífið og einnig til að ná árangri í íþróttum. Grunnhugmyndin að verkefninu kemur frá dr. Viðari Halldórssyni, félagsfræðingi við Háskóla Íslands, og Valdimar Gunnarssyni hjá UMSK. Verkefnið var prófað og þróað innan UMSK og er nú svo komið að stærstu íþróttahreyfingar Íslands, Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí), hafa tekið höndum saman um það að koma verkefninu á framfæri út í íþróttahreyfinguna. Styrktaraðilar verkefnisins eru Íslensk Getspá og mennta- og menningar- málaráðuneytið.



Hlaupamörk

UMSK á tvö hlaupamörk (endamörk).

Aðildarfélagin geta fengið þau lánuð þeim að kostnaðarlausu.



Starfsmannavesti:

UMSK á 75 starfsmannavesti sem aðildarfélagin geta fengið lánuð þeim að kostnaðarlausu.

Vestin eru gul og merkt starfsmaður á bakinu.

Getraunir

Rekstur Íslenskra getrauna hófst laugardaginn 19. apríl 1952. Á fyrstu getraunaseðlunum voru mestmegnis leikir í danskri og sænski knattspyrnu en eftir því sem árin liðu varð enska knattspyrnan mest áberandi.

Íslenskar getraunir starfa samkvæmt lögum nr. 59/1972 frá Alþingi og veita þau Getraunum einkaleyfi á rekstri íþróttgetrauna á Íslandi.

Í dag bjóða Íslenskar getraunir upp á :

- 13 leikja "gamla góða" getraunaseðillinn með enskri knattspyrnu á veturna en sænski á sumrin.
- 13 leikja getraunaseðil - Evrópuboltinn - með knattspyrnuleikjum úr helstu deildum Evrópu eins og spænsku, ítölsku, þýsku og ensku deildunum.
- Lengjuna, spennandi og einfaldan getraunaleik með ýmsum íþróttaviðburðum s.s. knattspyrnu, handknattleik, körfubolta, golfi, kappakstri, keilu, boxi, ísknattleik o.fl.
- Típpað í beinni, skemmtilegan leik þar sem hægt er að típpa á úrslit í kappleik á meðan á leiknum stendur.

Hagnaður af starfsemi þessara getraunaleikja rennur til íþrótt- og ungmennafélaga í landinu.

Hér til hliðar má sjá lista yfir hvað félög á UMSK svæðinu fengu í tekjur af getraunasölunni á árinu 2016:

Félag

Knattsp.d. Gróttu	52.388
Nesklúbburinn	10.608
Dansíþróttafélag Kópavogs	588
Umf Breiðablik	897.251
Tennisfélag Kópavogs	1.824
Íþróttafélagið Gerpla	368.860
Handknattfélag Kópavogs	89.834
Siglingafélagið Ýmir	183
Skotfélag Kópavogs	0
Knattspyrnufélagið Augnablik	13
Dansfélagið Hvönn	719
Umf. Stjarnan	345.371
Golfklúbbur Kópavogs og Garðab	23.047
Hestamannafélagið Sprettur	8.220
Umf. Afturelding	142.672
Golfklúbbur Mosfellsbæjar	1.078.002
Golfklúbbur Bakkakots	16.893
Hvíti riddarinn	0
Hestamannaf. Hörður	146
Knattspyrnufél. Ísbjörnin	380
Íþróttafél. Stál-úlfur	1.195

Samtals:

Upphæð

52.388
10.608
588
897.251
1.824
368.860
89.834
183
0
13
719
345.371
23.047
8.220
142.672
1.078.002
16.893
0
146
380
1.195
3.038.194

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagsshreyfingarinnar m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttgreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Úr sjóðnum var úthlutað 2016 kr. 14.149.000.

Þar af til félaga innan UMSK 2.458.000

Afturelding blakdeild UMSK Þjálfaranámskeið Englandi -	50.000
Breiðablik knattspyrnudeild UMSK Kynningarferð til Svíþjóðar v. unglingaþjálfunar	50.000
Breiðablik kraftlyfingadeild UMSK Þjálfaranámskeið Noregi -	50.000
Gerpla UMSK Þjálfaranámskeið Svíþjóð -	50.000
Stjarnan knattspyrnudeild UMSK Námskeið byrjendabjálfunar -	50.000
Tennisfélag Kópavogs UMSK Þjálfaranámskeið Tyrklandi -	50.000
Umf. Stjarnan UMSK Fræðsludagur þjálfara Stjörnunnar	150.000
Stjarnan fimleikadeild UMSK Móttökunámskeið	38.000
Stjarnan fimleikadeild UMSK Námskeið á Spáni í danskennslu	50.000
Breiðablik knattspyrnudeild UMSK Þjálfaranámskeið - yngstu iðkendur	150.000
Breiðablik knattspyrnudeild UMSK Kynning á starfsemi deildarinnar	150.000
UMSK Námskeið fyrir dansþjálfara	150.000
Dansíþróttafélag Kópavogs UMSK Þjálfaranámskeið í Hollandi	50.000
Knattspyrnudeild Breiðabliks UMSK Fjölgun dómara í röðum foreldra	75.000
Körfuknattleiksdeild BreiðabliksUMSK Aukin gæði í dómgæslu yngri flokka	50.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Þjálfaranámskeið FSÍ	130.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Þjálfaranámskeið FSÍ	65.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Þjálfaranámskeið í USA	50.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Fræðslufyrirlestrar fyrir iðkendur	75.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Fræðslufyrirlestrar fyrir foreldra	75.000
Íþróttafélagið Gerpla UMSK Skyndihjálparnámskeið fyrir þjálfara	50.000
Knattspyrnudeild HK UMSK Útbreiðsla/kynning á knattspyrnu í leikskólum	100.000
Handknattleiksfélag Kópavogs UMSK Fræðslunámskeið um liðleikabjálfun	75.000
Handknattleiksfélag Kópavogs UMSK Fræðsla um samfélagsmiðla og samskipti	75.000
Umf. Stjarnan UMSK Bætt liðan – Fræðsla fyrir þjálfara, foreldra og yngstu iðkendur	75.000
Fimleikadeild Umf. StjörnunnarUMSK Fræðsludagur fimleikabjálfa Stjörnunnar	75.000
Handkn.deild Umf. StjörnunnarUMSK Kíktu í handbolta – Kynning á handbolta	50.000
Umf. Stjarnan UMSK Vertu virkur Stjörnufélagi	50.000
Umf. Stjarnan UMSK Nýliðfræðsla aðstoðarþjálfara	50.000
Umf. Stjarnan UMSK Íþróttastarf fyrir alla – Ný grein/Hjólakraftur	100.000
Umf. Stjarnan UMSK Lærum af því sem vel er gert – Þjálfun/félagsstarf	75.000
Handkn.deild Umf. StjörnunnarUMSK Þjálfaranámskeið	50.000
Golfklúbburinn Oddur UMSK Fræðsla/þekking fyrir nýliða í golfi	75.000





Afrekaskrá í frjálsum íþróttum

Konur

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
60 m	7,7 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1984
80 m	10,1 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1984
100 m	11,79 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1985
200 m	24,30 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1985
300 m	41,2 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1984
400 m	55,1 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1987
800 m	2.06,22 mín	Hrönn Guðmundsdóttir	Breiðablik	1982
1000 m	3.01,2 mín	Ragnhildur Pálsdóttir	Stjarnan	1973
1500 m	4.22,95 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1991
1 míla	4.58,99 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1995
3000 m	9.31,0 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1993
5000 m	16.52,96 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1995
1/2 maraþon	1.32.59 kl.st.	Fríða Bjarnadóttir	Breiðablik	1986
Maraþon	3.34.30 kl.st.	Fríða Bjarnadóttir	Breiðablik	1986
100 m gr.hl.	14,11 sek	Guðrún Arnardóttir	Breiðablik	1990
300 m gr.hl.	43,78 sek	Stefanía Valdimarsdóttir	Breiðablik	2010 (isl)
400 m gr.hl.	60,86 sek	Stefanía Valdimarsdóttir	Breiðablik	2013
Kúluvarp	13,05 m	Vala Flosadóttir	Breiðablik	2004
Kringlukast	36,18 m	Kristín Karlsdóttir	Breiðablik	2013
Spjótkast	44,17	Irma Gunnarsdóttir	Breiðablik	2015
Sleggjukast	51,25 m	Aðalheiður M. Vigfúsdóttir	Breiðablik	2008
Langstökk	5,85 m	Sigurbjörg Ólafsdóttir	Breiðablik	2006
Þristökk	11,43 m	Guðrún Arnardóttir	Breiðablik	1991
Hástökk	1,75 m	Íris Jónsdóttir	Breiðablik	1978
Stangastökk	4,15 m	Vala Flosadóttir	Breiðablik	2004

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
Fimmtarþr.	3291 stig (16.0 – 5.16 – 8.59 – 1.50 – 26,6)	Kristín Björnsdóttir	Breiðablik	1972
Sjöþraut	4754 stig (15,58-1,59- 11,89-26,20- 5,27-39, 13-2.34,14)	Irma Gunnarsdóttir	Breiðablik	2016
4×100 m boðhlaup	48,04 sek	Sveit UMSK (Inga Úlfisdóttir, Guðrún Arnardóttir, Svanhildur Kristjánsdóttir, Berglind Erlendsdóttir)	Breiðablik	1987
4×200 m boðhlaup	1.54,1 mín	Sveit UMSK	Breiðablik	1978
4×400 m boðhlaup	3.58,47 mín	Sveit Breiðabliks (Helga K. Harðard., Herdís H. Arnalds, Arndís m. Einarsdóttir, Stefanía Valdimars.)	Breiðablik	2007
3x800 m.boðhlaup	7.10,662.15,8 mín	Sveit Breiðabliks (Árný H. Helgad., Helga k. Harðard., Herdís H. Arnaldsd.)	Breiðablik	2005
1000 m. boðhlaup		Sveit UMSK (Inga Úlfsd., Guðrún Arnard., Svanhildur Kristjánsd., Berglind Erlendsd.)		1987

Afrekaskrá í frjálsum íþróttum

Karlar

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
100 m	10,79 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2003
200 m	21,71 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2003
300 m	34,44 sek	Egill Eiðsson	Breiðablik	1994
400 m	48,42 sek	Erlingur Jóhannsson	Breiðablik	1985
800 m	1.48,83 mín	Erlingur Jóhannsson	Breiðablik	1987(Ísl)
1000 m	2.26,86 mín	Björn Margeirsson	Breiðablik	2003
1500 m	3.47,61 mín	Björn Margeirsson	Breiðablik	2003
1 míla	4.24,0 mín	Þórður Guðmundsson	Breiðablik	1965
2000 m	5.53,6 mín	Þórður Guðmundsson	Breiðablik	1965
3000 m	8.10,29 mín	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2010
3000 m hind.	9.11,84 mín	Stefán Guðmundsson	Breiðablik	2010
2 mílur	10.02,6 mín	Erlingur Þorsteinsson	Stjarnan	1974
5000 m	14.01,99 mín	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2010(Ísl)
10000 m	29.28,05 mín	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2008(Ísl)
20000 m	1.11.56,4 kl.st.	Gunnar Snorrason	Breiðablik	1971
25000 m	1.35.43,2 kl.st.	Gunnar Snorrason	Breiðablik	1971
Klukkust.hl.	16.735 m	Gunnar Snorrason	Breiðablik	1971
1/2 mar.hl.	1:05:35 kl.st.	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2011
Marap.hlaup	2:17:12 kl.st.	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2011
110 m gr.hl.	14,29 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
200 m gr.hl.	27,4 sek	Trausti Sveinbjörnsson	Breiðablik	1970
400 m gr.hl.	53,52 sek	Egill Eiðsson	Breiðablik	1993
Langstökk	7,85 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2003
Þrístökk	15,16 m	Karl Stefánsson	Breiðablik	1971
Hástökk	2,04 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
Stangarst.	4,90 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
Kúluvarp	19,31 m	Pétur Guðmundsson	Breiðablik	1987
Kringlukast	62,34 m	Magnús Aron Hallgrímsson	Breiðablik	2003
Spjótkast,ný	77,28m	Sindri Hrafn Guðmundsson	Breiðablik	2014
Sleggjukast	63,68 m	Jón Sigurjónsson	Breiðablik	1993
Lóðkast	18,59 m	Jón Sigurjónsson	Breiðablik	1993
Fimmtarþr.	3565 stig (7,22 – 52,92 – 22,94 – 34,36 – 4:32,96)	Halldór Lárusson	Afturelding	2005

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
Tugþraut	8390 stig (10.8 – 7,33 – 15.17 – 2,04 – 49.60 – 14,29, – 47,21 – 4,80 – 63.05 – 4:53.02)	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
4×100 m boðhlaup	42,19 sek	Sveit UMSK (Hörður Gunnars., Kristján Friðjónss., Egill Eiðsson,Ingi Þór Hauks.)	Breiðablik/UMFA	1995
4×200 m boðhlaup	1.28,43 mín	Sveit UMSK (Hörður Gunnars., Kristján Friðjónss., Egill Eiðsson, Ingi Þór Hauks.)	Breiðablik/UMFA	1994(Ísl)
4×400 m boðhlaup	3.24,4 mín	Sveit UMSK (Sigurjón Valmunds., Einar Gunnarss., Hannes Hrafnkelss., Guðmundur Sigurðss.)	Breiðablik	1986
4 x 800 m boðhlaup	8.17,65 mín	Sveit UMSK (Kari Logason, Ólafur Margeirs. Bergur Hallgríms., Stefán Guðmunds.)	Breiðablik	2005
1000m boðhlaup	1.56,66 mín	Sveit UMSK) (Hörður Gunnars., Kristján Friðjónss., Egill Eiðsson, Ingi Þór Hauks.	Breiðablik/UMFA	1995
1500m Boðhlaup	3.19,61 mín	Sveit Breiðabliks (Magnús V. Gíslas., Róbert Michels., Andri Karls., Björn Margeirs.)	Breiðablik	2003



Fréttapunktur frá UMFÍ 2016

Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi



19. unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2016. Mótshaldari var Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB). Keppendur voru 1.314, á aldrinum 11–18 ára, 756 strákar og 558 stúlkur. Keppt var 15 greinum og voru slegin tvenn Íslandsmet. Litlu munaði að Íslandsmetin yrðu þrjú því í einu sýningaratriðanna við setningu mótsins kepptu spretthlauparar sín á milli. Þar á meðal við Ari Bragi Kárason úr FH. Hann spretti heldur betur úr spori og fór 100 metrana á 10,38 sekúndum. Enginn Íslendingur hefur hlaupið jafn hratt. Hlaupið var hins vegar ekki gilt því meðvindur reyndist of mikill. Við slit mótsins var tilkynnt að Ungmennafélag Akureyrar (UFA) hlyti Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ.



Landsmót UMFÍ 50+ á Ísafirði

6. Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Ísafirði dagana 10. – 12. júní 2016. Héraðssamband Vestfirðinga (HSV) var mótshaldari. Keppt var í 17 greinum sem endurspegluðu áhuga og iðkun heimamanna. Mótið gekk vel fyrir sig í alla staði og var almenn ánægja keppenda með það. Til leiks vestur mættu 256 keppendur, þar af 132 karlar og 122 konur.

Ungmenna- og tómstundabúðir á Laugum

Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal eru starfsræktar yfir skólaárið fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla. Starf

Ungmennabúðanna að Laugum veturinn 2015–2016 var viðburðaríkt að vanda og sóttu tæplega 2.000 nemendur búðirnar heim. Á haustönninni dvöldu á Laugum fjórir erlendir sjálfböðaliðar sem auðguðu starfið og sköpuðu mikla gleði og líf í kringum sig. Í október komu þrjár stúlkur frá tækniskóla í Svíþjóð og voru við nám í Ungmennabúðunum í þrjár vikur. Þær sinntu ýmsum verkefnum og útbjuggu kennslufni á ensku. Heimasiða Ungmenna- og tómstundabúðanna er www.ungmennabudir.is.



Hreyfivika UMFÍ

UMFÍ hefur frá árinu 2012 tekið þátt í evrópskri lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move. Hér á landi kallast herferðin Hreyfivika UMFÍ. Markmið verkefnisins er að að fá hundrað milljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020. Þátttaka hefur aukist árlega í Hreyfivikunni og sló hún öll met árið 2016. Þá voru boðberar hreyfingar 150 talsins í 55 bæjarfélögum, viðburðirnir 480 af ýmsum toga og þátttakendur hvorki fleiri né færri en 42.000 um allt land!



Sýnum karakter

Sýnum karakter er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSí. Verkefnið hefur það aðalmarkmið að þjálfa sálræna og félagslega færni barna og ungmennta í íþróttum. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á að hægt sé að þjálfa og styrkja sálræna og félagslega færni iðkenda eins og líkamlega færni. Grunnhugmyndin að verkefninu kemur frá dr. Viðari Halldórssyni, félagsfræðingi við Háskóla Íslands, og Valdimar Gunnarssyni hjá UMSK. UMFÍ og ÍSí tóku höndum saman um það að koma verkefninu á framfæri út í íþróttahreyfinguna. Því var ýtt úr vör með stórráðstefnu 1. október 2016 þar sem frábærir fyrirlesarar tóku þátt

og fjölluðu um ýmsa þætti sem varða sálræna og félagslega þjálfun. Hægt er að fræðast frekar um verkefnið, lesa pistla frá íþróttafólki og þjálfurum, horfa á fyrirlestra af ráðstefnunum og skoða verkfærakistu Sýnum karakter á vefsíðunni www.synumkarakter.is

Evrópa unga fólksins

Evrópa unga fólksins (www.euf.is) er þjónustuskrifstofa og þekkingarmiðstöð fyrir æskulýðsstarf á Íslandi. Starfsfólk skrifstofunnar veitir styrki úr Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins til verkefna í æskulýðsstarfi og aðstoðar þá sem ætla að sækja styrki við að móta góð verkefni. Skrifstofan miðlar þekkingu um æskulýðsstarf og óformlegt nám á Íslandi á ýmsa vegu og styður við símenntun æskulýðsstarfsfólks, meðal annars með því að styrkja það til þess að sækja námskeið í Evrópu. Evrópa unga fólksins er rekin af Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands, í samvinnu við Ungmennafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Árið 2016 fór dagurinn fram 12. október



Heimsókn á Bessastaði

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, bauð rúmlega 30 fulltrúum aðildarféлага UMFÍ í heimsókn á Bessastaði í tilefni af Alþjóðlegum degi sjálfböðaliðans 5. desember 2016. Starfsemi UMFÍ er nefnilega borin uppi af sjálfböðaliðum, hvort heldur eru Landsmót UMFÍ 50+, árlegt Unglingalandsmót sem margir þekkja, Hreyfivika UMFÍ og margar aðrar uppkomu og viðburðir á vegum aðildarféлага UMFÍ um land allt.



Ungt fólk og lýðræði

Verkefnið Ungt fólk og lýðræði leggur áherslu á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi. Þar er lögð áhersla á að einstaklingar geti styrkt sjálfsmynd sína og tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf og lífsstíl. Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði hefur verið haldin árlega frá árinu 2009. Hún hefur nú fest sig í sessi á meðal mikilvægustu viðburða fyrir ungt fólk á Íslandi.



Gönguverkefni

Ungmennafélag Íslands hefur um nokkurra ára skeið gefið út Göngubókina – Göngum um Ísland. Stefnt er að því að hún komi út í maí ár hvert. Í Göngubók UMFÍ er að finna upplýsingar um mislangar gönguleiðir sem henta fjölskyldum og er lagt upp með að leiðirnar henti jafnt yngra sem eldra og reynslumeira göngufólki.

Skinfaxi

Fjögur tölublöð Skinfaxa, tímarits UMFÍ, komu út á árinu. Ákveðið var að gefa ekki út sérstök landsmótsblöð eins og áður heldur hafa ítarlega umfjöllun um mótin og mótsstaði í þeim tveimur tölublöðum sem komu út í aðdraganda mótanna. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson tók við sem kynningarfulltrúi UMFÍ í apríl 2016 af Jóni Kristjáni Sigurðssyni og er hann jafnframt ritstjóri Skinfaxa.

Sambandsráðsfundur UMFÍ

40. sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) var haldinn að Laugum í Sælingsdal laugardaginn 15. október 2016. Eins og fram kemur í 10. grein í lögum UMFÍ er sambandsráðsfundur UMFÍ æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt

stjórn UMFÍ. Verkefni sambandsráðsfundar eru að ræða skýrslu næstliðins árs, afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs og viðfangsefni UMFÍ á milli þinga. Fundinn sóttu 44 fulltrúar með stjórn og starfsfólki UMFÍ.

Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn laugardaginn 21. maí 2016 í Þjónustumiðstöð UMFÍ. Á fundinn mættu framkvæmdastjórnar og formenn sambandsaðila UMFÍ auk stjórnar.

Sýndu hvað í þér býr

Félagsmálanámskeiðið Sýndu hvað í þér býr er haldið víða um land á hverju ári. Árið 2016 sóttu það á milli 200-300 manns. Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti sem tengjast ræðumennsku, framkomu, ræðuflutningi og raddbeitingu ásamt öðrum lykilþáttum sem snúa að fundarhaldi. Sambandsaðilar UMFÍ geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og óskað eftir því að fá námskeiðið til sín.

Heimsókn til DGI

Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Góð samvinna og vinskapur er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ einmitt frá DGI. Stjórn og ungmennti fara í heimsókn hvors til annars annað slagið. Í september 2016 fór lítill hópur frá UMFÍ í heimsókn til DGI í Álaborg til að afla upplýsinga um undirbúning, skipulagningu og framkvæmd dönsku landsmótanna á vegum DGI. Stefnt er að því að hópur fari á landsmótið sumarið 2017.

NSU

Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde eru samtök ungmennafélaga á Norðurlöndunum. Á þeim vettvangi er unnið mikið af sameiginlegum verkefnum sem tengja Norðurlöndin saman. Þar má nefna ungmenntaskipti, ungmenntavikur, markmiðaráðstefnur og ungbændaráðstefnur.

Lýðháskóli UMFÍ

Ungmennafélag Íslands hefur lýst yfir áhuga á því að stofna og reka lýðháskóla á Íslandi. UMFÍ horfir meðal annars til húsnæðis íþrótta-kennaraháskólans á Laugarvatni en háskólaráð Háskóla Íslands ákvað í febrúar 2015 að flytja námið frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Liður í því var ferð hóps á vegum UMFÍ til Danmerkur í lok október 2016 til að kynna sér námsframboð, rekstur og fyrirkomulag lýðháskóla þar á landi.

Þjónustumiðstöð UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Starfsmaður UMFÍ og framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ er búsettur á Sauðárkróki og er hann með skrifstofu að Víðigrund 5 í bænum. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhalda sem ýmsar nefndir nýta sér. Í þjónustumiðstöðinni er líka skrifstofa Evrópu unga fólksins. Þar eru ýmsir með aðstöðu. Þar á meðal Landssmband eldri borgara, Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA), Fræðsla og forvarnir (FRÆ) og Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) næstu tvö árin.

Eldri ungmennafélagar

Nefnd eldri ungmennafélaga og Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) vinnur náið saman enda er markmið þeirra eitt og hið sama; að stuðla að bættri lýðheilsu fólks, auka hreyfingu og mæla fyrir kostum þess að hafa gaman saman. Helstu verkefni n hafa falist í námskeiðahaldi og keppnum víða um land í boccía, ringó og þútti auk ýmissa dansnámskeiða.

Ungmennaráð

Í ungmennaráði UMFÍ eru tíu ungmenni víða að frá landinu. Formaður þess er Aðalbjörn Jóhannsson og situr hann til tveggja ára í senn. Ungmennaráðið fundar einu sinni í mánuði yfir skólaárið en nýtir samfélagsmiðla og aðra tækni til skrafs og ráðagerða

Æskulýðsvettvangurinn

UMFÍ er eitt aðildarfélaga Æskulýðsvettvangsins. Sambandsaðilum UMFÍ stendur margt til boða hjá Æskulýðsvettvanginum og er það þeim að kostnaðarlausu. Þar á meðal eru siðareglur um samskipti fyrir starfsmenn og sjálfboðaliða sem vinna með börnum og ungmennum og siðareglur um rekstur og ábyrgð fyrir þá sem sitja í stjórn og bera ábyrgð í félögum. Aðgerðaáætlun gegn einelti og óæskilegri hegðun, fræðsluerindi um einelti, forvarnir og úrvinnslu eineltismála og námskeiðið Verndum þau, sem fjallar um það hvernig bregðast á við þegar grunur kemur upp um ofbeldi og vanræsklu gegn börnum og ungmennum. Að auki eru tvö ráð á vegum Æskulýðsvettvangsins sem öllum sambandsaðilum UMFÍ er velkommið að leita til fagráðs til að vinna með og leysa mál sem tengjast kynferðisbrotum sem framin hafa verið í starfi aðildarfélaga og ráðgjafahópur í meðferð eineltismála sem hefur það hlutverk að koma að þrálátum og erfiðum eineltismálum til stuðnings við starfsmenn og foreldra/forráðamenn.





Fréttapunktur frá ÍSí

Heimsóknir forseta ÍSí til íþróttahéraða

Forseti ÍSí hefur farið í heimsóknir til íþróttahéraða víða um land síðustu tvö árin og kynnt sér íþróttastarfseminna á viðkomandi stað ásamt uppbyggingu íþróttamannvirkja. Fundað hefur verið með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar á hverjum stað ásamt fulltrúum sveitarfélaga. Á árinu 2016 var fundað með fulltrúum Íþróttabandalags Reykjavíkur og ÍTR og farið í heimsókn til Hafnarfjarðar þar sem fundað var með Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar, aðildarfélögum þess og fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar og íþróttamannvirki í bænum voru skoðuð. Áætlað er að heimsækja fleiri héruð á næstu mánuðum.

Formannafundur 2016

Árlegur Formannafundur ÍSí var haldinn þann 11. nóvember í Laugar-dalshöllinni. Auk hefðbundinnar dagskrár fundarins var farið yfir upp-gjör Smáþjóðaleikanna 2015 og uppfærslur á Felix, félagakerfi ÍSí og UMFÍ, voru kynntar. Verkefni ÍSí og UMFÍ „Sýnum karakter“ var kynnt

og flutt var áfangaskýrsla vinnuhópsins ÍSí um afreksmál. Fundurinn vann í hópastarfi verkefni sem vinnuhópurinn setti fram og mun nýtast í þeirri vinnu sem framundan er hjá hópnum.

Heiðurshöll ÍSí

Á hófi Íþróttamanns ársins 2016 voru Guðmundur Gíslason sundmaður og Geir Hallsteinsson handknattleiksmaður útnefndir í Heiðurshöll ÍSí. Alls hafa 15 einstaklingar verið útnefndir í Heiðurshöllina. Heiðurshöll ÍSí er á vefsíðu ÍSí og þar má finna umfjöllun um hvern og einn meðlim.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2016 voru 97 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Á Fjárlögum Alþingis fyrir árið 2017 hækkað framlag til sjóðsins um 30 m.kr. og er heildarframlag ríkisins til sjóðsins þá samtals 130 m.kr. fyrir árið 2017.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSí og hafa sérsamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sérsamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2016 var 85 m.kr. en hækkað um 10 m.kr. á árinu 2017.

Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSí

Styrkveitingar ÍSí til sambandsaðila árið 2016 voru tæplega 153 milljónum króna, Til samanburðar má geta þess að heildarúthlutun ársins 2015 til sérsambanda ÍSí var rúmlega 125 m.kr. en sambærilegar tölur fyrir árið 2014 voru um 106 m.kr.

Í júlí var skrifað undir samning við ríkisvaldið um stórauð fé til Afrekssjóðs ÍSí. Framlagið mun hækka í áföngum úr 100 m.kr. í 400 m.kr. fram til ársins 2019 og er því um fjórföldun að ræða. Samningurinn er afar mikilvægur fyrir íþróttastarf í landinu enda um byltingu fyrir afrekssíðröttir að ræða. Í janúar 2017 var úthlutað til sérsambanda um 150 m.kr. og fyrirhugað er að úthluta 100 m.kr. til viðbótar síðar á árinu 2017.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2016 sendi ÍSí þátttakendur í tvö ólympísk verkefni. Á Vetrarólympíuleikum ungmenna í Lillehammer átti Ísland tvo keppendur í alpagreinum og einn í skíðagöngu og til Ólympíuleikanna í Río í Brasilíu sendi ÍSí alls átta keppendur, einn í áhaldafimleikum kvenna, einn í

júdo, þrjá í frjálsíþróttum og þrjá í sundi. Árangurinn var góður, en báðar sundkonurnar sem kepptu á leikunum komust í úrslit á leikunum, og er það besti árangur sundkvenna frá upphafi.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSí geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmenntafélaga innan ÍSí. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.

Ólympíufjölskylda

Að Ólympíufjölskyldu ÍSí standa fyrirtækin Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá og Valitor. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSí, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

Vefsíða og samfélagsmiðlar ÍSí

Slóðin á vefsíðu ÍSí er www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSí og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynningu um viðburði í hreyfingunni. ÍSí er einnig á Fésbók (Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands) og Twitter, Instagram og Snapchat undir isiceland. ÍSí er einnig með Vimeo-síðu (<https://vimeo.com/user33366809>) og gefur út fréttir rafrænt á Issuu-síðu sinni (<https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands>). Myndsíða ÍSí er sifellt í vinnslu, en þar er að finna bæði nýjar og gamlar myndir (<http://myndir.isi.is/>).

Felix - Félagakerfi ÍSí og UMFÍ

Unnið hefur verið að gagngerum endurbótum á Felix, félagakerfi ÍSí og UMFÍ. Nýja kerfið er mun notendavænna og einfaldara í sniðum en einnig verður boðið upp á gagnlegar viðbætur í kerfinu er t.d. lúta að skráningum á námskeið, innheimtu gjalda, o.fl. Innleiðing og kennsla á kerfið er þegar hafin.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSí kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSí, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Forvarnardagurinn 2016 var haldinn þann 12. október. Lesa má meira um verkefnið á www.forvarnardagur.is

Þróun og fræðsla

ÍSí hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttabáttöku. Efnið má nálgast á vefsíðunni og í útprentuðum



bæklingum á skrifstofunni. Á vefsíðunni er einnig að finna annað efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSí stóð fyrir fjölbreyttum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á árinu og einnig í samstarfi við aðra, svo sem ÍBR í tengslum við Reykjavíkuleikana (RIG) og háskólana í landinu.

Sýnum karakter

ÍSí og UMFÍ hafa tekið höndum saman um verkefnið Sýnum karakter. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fokus og einblínt með nýstárlegum hætti á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun umfram líkamlega, s.s. áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogahæfni og

markmiðasetningu. Á vefsíðu Sýnum karakter, www.synumkarakter.is eru nú þegar hinar ýmsu greinar og viðtöl við þjálfara og afreksíþróttafólk þar sem helsta umfjöllunarefni er efling andlegra og félagslegra þátta í gegnum þjálfun.

Ánægja í íþróttum

ÍSí og UMFÍ fengu að setja inn nokkrar spurningar í rannsóknina Ungt fólk sem lögð var fyrir nemendur í 8.-10. bekk grunnskóla á landinu. Könnuð var ánægja iðkenda með þjálfarann, æfingaaðstöðu og íþróttafélagið, en einnig voru skoðuð tengsl íþróttaiðkunar við aðra þætti, svo sem vímuefnaneyslu, námsárangur, andlega og líkamlega heilsu og sjálfsmynd.

Niðurstöðurnar voru afar jákvæðar fyrir íþróttahreyfinguna í heild og staðfesting þess að verið sé að gera vel í hreyfingunni. Unglingar sem stunda íþróttir hjá íþróttafélagi líður almennt vel í starfinu, búa við betri



líkamlega og andlega heilsu, neyta síður vímuefna og hafa betri sjálfsmynd en þau sem ekki stunda íþróttir með íþróttafélagi.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun hefur verið afar vinsælt undanfarin ár og er helsta form þjálfaramenntunar ÍSÍ þessi árin. Fjarnám á 1. og 2. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. Mörg sérsambönd ÍSÍ hafa verið að vinna og skipuleggja sinn þátt í þessum fræðum að undanförnu og eru í auknum mæli farin að bjóða upp á nám í sérgreinaþætti þjálfaramenntunarinnar.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru í dag ríflega hundrað. Þar sem mörg félaganna eru stór deildaskipt félög þá er um þriðjungur íþróttaiðkenda að iðka íþróttir innan fyrirmyndarfélaga. Sér-sambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja

sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu. Á íþróttapiði árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahéruð geta nú sótt um viðurkenningu til ÍSÍ fyrir fyrirmyndarstarf.

Ólympíudagurinn

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim í júní ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóðaólympíunefndarinnar. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva. Ólympíudagurinn var haldinn með fjölbreyttum hætti í ár. Haldið var golfmót með samtökum íslenskra ólympíufara í samstarfi við GSÍ og Nesklúbbinn. Krakkar úr Háskóla unga fólksins heimsóttu ÍSÍ og fengu kynningu á íþrótta-hreyfingunni og boðið var upp á kynningu og kennslu á strandblaki og skylmingum í Laugardalnum. Skólar og frístundaheimili skipulögðu íþróttadag þar sem krakkarnir sjálfir bjuggu meðal annars til keppnisgreinar.

Almenningsíþróttir

Lífshlaupið fór fram í níunda sinn 3. - 23. febrúar 2016. Þátttakendur voru 18.550 að þessu sinni. Hjólað í vinnuna fór fram í fjórtánda sinn 4.- 24. maí 2016. Þátttaka í Hjólað í vinnuna hefur aðeins dregist saman síðustu ár og voru þátttakendur 5386 árið 2016. Verkefnið hefur engu að síður náð markmiðum sínum, þar sem það hefur hjálpað til við að breyta lífsstíl fjölda fólks sem nú hjólar í vinnuna allt árið um kring.

Kvennahlaupið fór fram 4. júní 2016. Um 12.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 91 stað hér á landi og erlendis.

Göngum í skólann fór fram 7. september – 5. október 2016. 67 skólar tóku þátt að þessu sinni. Göngum í skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarpunginn við skóla.

Hjólum í skólann fyrir framhaldsskólanemendur fór fram í september. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og flestra sérsambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar getspar og Íslenskra getrauna.

Í Íþróttamiðstöðinni er kaffiterían Café Easy og þar er einnig góð aðstaða til fundarhalda. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemina.

Lyfjamál

Alls voru tekin 142 sýni á árinu 2016, þar af 74 sýni í keppni eða um 52%. Lyfjapróf voru tekin í 13 íþróttagreinum og reyndist eitt sýni jákvætt á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjaeftirlitsnefnd 34 sýni fyrir aðila utan vébanda ÍSÍ, þar með talið erlenda aðila. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, <http://isi.is/lyfjaeftirlit/>.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslu til ÍSÍ í gegnum Felix á hverju ári fyrir 15. apríl.

Íþróttakonur og íþróttamenn sérsambanda 2016

Þann 29. desember 2016 hélt ÍSÍ hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2016 var tilkynnt. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2016 lýst.



Frá félögunum



Stál-úlfur



Aðalfundur Íþróttafélagsins Stál-úlfs var haldinn laugardaginn 7. maí 2016 í Grafarvogi. Engar breytingar voru í stjórn félagsins að þessu sinni og stjórn félagsins skipa þeir, Algirdas Slapikas – formaður, Eriks Milleris - varaformaður, Vytautas Lipskas - gjadkeri, Mindaugas Andrijauskas – ritari, Veselin Konstadinov Chilingirov, Sergej Diatlovic og Rui Pedro De Jesus Pereira.

Á vegum félagsins eru körfubolta-, fótbolta- og futsalíð í meistara-flokki karla. Í fyrsta sinn sendi Stál-úlfur lið til keppni í 40+ aldurs-flokknum. Keppnistímabilið 2016 var 7. starfsár Stál-úlfs.

Körfuboltalið Stál-úlfs keppti í 3. deild karla í vor og endaði í 6. sæti deildarinnar og komst áfram í úrslitakeppnina, en beið lægri hlut fyrir 3. deildar meistaraliði Gnúpverja í hörku leik. Æfingar liðsins fóru fram í Kársnesskóla þrisvar í viku.

Fótboltalið Stál-úlfs tók þátt í öllum mótunum sem KSÍ bauð upp á - Lengjubikarnum, 4. deild karla, Borgunarbikarnum, Íslandsmóti innanhúss og Íslandsmóti 40+ deildar.

Í mars tóku Stál-úlfarnir þátt í Lengjubikarnum og luku keppni í 3. sæti C riðils. Í maí hóf liðið keppni í bikarkeppni KSÍ en féll út í fyrstu umferð á móti Þrótti í Vogum 1:2 í framlengdum leik. Liði Stál-úlfs keppti í C riðli 4. deildar í sumar og endaði í 3. sæti. Futsal liðið tók þátt á Íslandsmótti innanhúss, endaði í 2. sæti B riðilsins og komst í úrslitakeppnina. Stál-úlfarnir töpuðu fyrir margföldum Íslandsmeisturum Víkingi Ól. í átta liða úrslitum. Að lokum tóku Stál-úlfarnir í fyrsta sinn þátt á Íslandsmóti 40+ deildinni og voru sjálfum sér og félaginu til sóma. Þeir unnu alla leiki sína en töpuðu fyrir Vals/KH liði í úrslitaleiknum 2:5 í ævispennandi leik. En gott silfur er gulli betra.

Æfingar liðsins fóru fram á útigervigrasvellið við Kórinn og Fagralundi þrisvar í viku. Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfboðaliðastarfi.

Liðendur.

Fjöldi liðkenda er svipaður í körfuknattleik og verið hefur 41. Liðendum í knattspyrnu hefur fjölgað töluvert og þeir eru 81 samtals. Samtals eru 122 liðendur. Aðrir félagsmenn eru 4 samtals.



Boginn



Aðalfundur Bogans var haldinn 03.03.2016. Eftirfarandi voru kjörnir í aðalstjórn: Guðmundur Örn Guðjónsson Formaður, Gunnar Þór Gunnarsson Varaformaður, Daníel Sigurðsson Gjaldkeri, Astrid Daxböck Ritari og

Rúnar Þór Gunnarsson Meðstjórnandi. Einnig voru kosnir varamenn Kristmann Einarsson og Hlíðar Berg.

Á árinu 2016 hélt Bogfímifélagið Boginn áfram að aðstoða afreks-íþróttafólk sitt ásamt að leggja áherslu á barna og unglingastarf. Boginn tók nokkra Íslandsmeistararitla á árinu í mismunandi aldurs og kynja flokkum og fjölmargar medaljur á mörgum mótum innanlands. Meðlimir Bogans tóku einnig þátt í mörgum mótum erlendis með styrkjum frá félaginu og náðu góðum árangri á flestum þessum mótum.

Íþróttafólk ársins í Bogfími voru bæði úr Bogfímifélaginu Boganum. Þau voru Astrid Daxböck og Þorsteinn Halldórsson. Astrid er komin í top 100 í heiminum í bogfími og Þorsteinn vann sæti og keppti á Paralympics í Ríó.

Einnig var árið 2016 fyrsta árið sem unglingar kepptu á stórmótum erlendis og það er á verkefnalista Bogans að halda því áfram og auka það starf með þátttöku í Youth Cup mótum á vegum Evrópusambandsins. Boginn vakti athygli og voru skrifaðar margar fréttagreinar um félagið, Ísland og meðlimi Bogans af heimssambandinu. Meðal annars

um gífurlega vöxtinn í bogfími á Íslandi á stuttum tíma sem heimssambandi hefur tekið eftir og fylgst náið með og sett fram sem fordæmi fyrir aðrar þjóðir um hvernig á að koma bogfími áfram í sínu landi.

Aðalmarkmið Bogfímifélagsins Bogans fyrir árið 2017 er að finna úti-svæði fyrir afreksmeðlimi félagsins. Það er eins og er ekkert úti-svæði fyrir bogfími á höfuðborgarsvæðinu og því hefur verið erfitt að halda mót utandyra og enn erfiðara fyrir bestu meðlimina að æfa sig fyrir keppnir erlendis og ná árangri. Sem dæmi þá æfði Ólympíumótsfarinn okkar í bílakjallara fyrir Ólympíumót fatlaðra sökum skorts á aðstöðu fyrir utandyra æfingar. (Það myndi teljast merkilegt að við höfum náð árangrinum sem við höfum náð án þess að hafa aðstöðu til þess)

Að öðru leiti er markmið Bogans að halda áfram að byggja upp barna- og unglingastarfið, bæta búnað og auka fjölda virkra keppenda. Það er mikill skortur á bogfímipjálfurum á Íslandi og er það hluturinn sem hamlar Boganum mest að stækka í öllum aldursflokkum. Því er mikil-vægt verkefni 2017 að vinna með Bogfímifélagi ÍSÍ og heimssambandinu að fjölga pjálfurum og pjálfaremenntun gífurlega á árinu 2017.

Dansfélagið Hvönn



Dansfélagið Hvönn var stofnað 21. október 1995 og er elsta félagið innan Dansíþróttasambands Íslands. Þann 10. september 2016, fengum við nýja aðstöðu í Vallarkór 14, þar sem Salurinn okkar var tekinn í gegn og höfum við núna sér-ingang. Sunnan megin í Kórnum. Nýtt dansgölf með parketi

sem er sérstaklega valið með dansiðkun í huga og er öll aðstaða mun betri og einnig höfum núna sér salernisaðstöðu, stjórnun ljósum og loftræstingu í okkar aðstöðu óháð hvað er að gerast að öðru leyti í þessu stóra mannvirki sem Kórinn er. Búið að vera mjög mikið starf en alltaf gaman þegar vel tekst til í samvinnu við Kópavogsbæ. Þá setti félagið 2014 reglur um notkun á farsínum og tölvum á æfingum sem hafa reynst vel og hafa fleiri nýtt sér þær reglur.

Í október s.l. í samvinnu við UMSK og Kópavogsbæ sem tóku þá ákvörðun að halda opið UMSK dansmót í Kópavogi í þriðja sinn. Mótið tókst með miklum sóma fyrir alla sem komu að því og heppnaðist mjög vel og fór fram úr okkar björtustu vonum m.a. komu 9 þör erlendis frá, börnum 1 (8-9 ára) og upp í fullorðna frá vinaklúbbi Hvannar á Írlandi sem vöktu mikla athygli. Er gaman að segja frá því að núna í febrúar eru þör frá Hvönn að fara á keppni á Írlandi sem kemur til vegna þessarar samvinnu á U.M.S.K mótinu. Þótt við segjum sjálf frá þa er þetta eitt besta mót sem hefur verið haldið þótt önnur Dansmót sem eru haldin hér heima séu borin saman við þetta mót, tímatafla, 7 erlendir Dómarar, umgjörð erlendir keppendur og fyrirlestrar sem voru

haldinn eftir mótið til algjörar fyrirmyndar og má geta þess til gamans að fjórfaldir heimsmeistarar í 10 dönsum í flokki áhugamanna og tóku þátt í mótinu en þau koma frá Danmörku, Björn og Ashli.

Það er mikil vinna og hefði ekki tekist nema með hjálp sjálfbóðaliða og eru öllum sem komu að því færðar bestu þakkir fyrir hjálpinu. Þá viljum við koma á framfæri þakklæti til U.M.S.K., U.M.F.I., ZO-ON á Íslandi, Hótel Kletts og fjölda annarra fyrir styrki vegna þessa dansmóts vegna útgáfu á dansblaði sem var dreift ókeypis til allra sem komu á mótið. Þá á dansfélagið einn fulltrúa í stjórn Dansíþróttasambands Íslands. Þá á dansfélagið 3 pör í landsliði Íslands í samkvæmisdönsum og eru þau fyrirmyndir annarra para hjá félaginu og hafa staðið sig með miklum sóma.

Stjórn félagsins skipa: Hafsteinn Örn Guðmundsson formaður, Aldís Gunnarsdóttir, Örvar Möller, Hildur Ýr Arnarsdóttir og Tinna Karen Guðbjartsdóttir. Gestþjálfarar hafa komið reglulega til okkar á árinu þeirra þekktust er Manulea Faller en hún er meðal annars í landsliðspjálfrateymi Þýska danssambandsins. Aðalþjálfari er Hildur Ýr Arnarsdóttir.

Ungmennafélagið Drengur



Ungmennafélagið Drengur í Kjós var endurvakið á árinu 2015 eftir langan svefn á eitt hundrað ára afmæli félagsins og fór endurvakningin fram í félagsheimilinu Félagsgarði sem er í eigu ungmennafélagsins.

Stórn ungmennafélagsins ákvað að fara hægt og sigandi af stað með félagsstarfsemi.

Á árinu 2016 var boðið upp á leikfímipjálfun fyrir fullorðna undir handleiðslu Ölfu Jóhannsdóttur og nýttu margir Kjósverjar sér leikfímipjálfunina og kunnu vel að meta. Haldinn var fyrirlestur á vegum ungmennafélagsins og Kjósarhrepps um mikilvægi þess að eldra fólk rækti líkama sinn með hreyfingu.

Fyrirhugað var að halda íþróttanámskeið fyrir börn og unglinga sumarið 2016 en enginn þjálfari fékkst í verkefnið. Einnig var fyrirhugað að halda smalahundanámskeið með Elísabetu Gunnarsdóttur frá Daðastöðum. Elísabet komst ekki á árinu 2016 en hefur boðað komu sína í apríl á þessu ári og verður viðburðurinn auglýstur nánar síðar.

Ungmennafélagið kom einnig að jólatrésskemmtun fyrir börnin í Kjósinni í samvinnu við kven- og sveitarfélagið.

Aðalfundur Ungmennafélagsins Drengs vegna starfsársins 2016 verður haldinn í mars næstkomandi og verður fundurinn auglýstur síðar. Áform stjórnar ungmennafélagsins um starfsemi þess á yfirstandandi ári verður kynnt á aðalfundinum.

Guðný G. Ívarsdóttir, formaður.



Gerpla



Íþróttafélagið Gerpla hélt aðalfund 18. ágúst 2016 fyrir starfstímabilið 1. júní 2015 – 31. maí 2016. Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórn félagsins: Harpa Þorlaksdóttir, formaður, Atli Þorbjörnsson, Hjalti Ragnar Eiríksson,

Marta Kristín Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Sigurrós Pétursdóttir. Á aðalfundinum hætti Sigurrós Pétursdóttir í stjórn og var hún heiðruð fyrir vel unnin störf. Nýr stjórnarmaður var kosinn í hennar stað og var það Sif Pálsdóttir sem tók hennar sæti í stjórn. Í júní 2016 urðu einnig framkvæmdastjóraskipti en þá lét Ása Inga Þorsteinsdóttir af störfum sem framkvæmdastjóri félagsins eftir eins árs starf í þeirri stöðu en Ása Inga sinnti hinum ýmsu hlutverkum fyrir félagið í fjölda ára. Olga Bjarnadóttir tók við framkvæmdastjórastöðunni en hún hefur starfað í fimleikahreyfingunni í 25 ár.

Gerpla leggur áherslu á fjölbreytt þjónustuframboð og hefur það einkennt starfsemi félagsins. Ásóknin er mikil í félagið og eru börn á biðlista allt árið um kring. Deildarstjórar sjá um að gæðastýra sínum deildum og fylgja eftir þjálfun hópa og samhæfa á milli hópa og deilda. Kennsluhandbók félagsins stendur fyrir sínu en þjálfarar eru einnig duglegir að nýta sér þekkinguna í salnum en þjálfarar Gerplu búa margir hverjir yfir mikilli reynslu og þekkingu í starfi og eru duglegir við að miðla áfram til þeirra sem yngri eru. Alls starfa um 120 manns hjá Gerplu í þjálfun, á skrifstofu, afgreiðslu og þrífum.

Húsnæðisvandi Gerplu er löngu þekktur en árið 2015 var nýtt til viðræðna við Kópavog um byggingu nýs íþróttahúss við Vatnsendaskóla og varð svo úr að þann 3. mars 2016 var skrifað undir samning á milli Kópavogsbæjar og Íþróttafélagsins Gerplu um byggingu á nýju fimleika- og íþróttahúsi við Vatnsendaskóla. Hópfimleikadeild félagsins mun æfa í nýja húsinu og áhaldafimleikadeildin í Versölum en aðrar

deildir svo sem eins og grunn- og framhaldsdeildin og almenna deildin verða á báðum stöðum. Það eru því spennandi tímar framundan í Gerplu en stefnt er að því að taka húsið í notkun fyrri hluta ársins 2018.

Líkt og undanfarin ár hefur Gerpla verið mótshaldari fyrir hönd Fimleikasamband Íslands og var það með sambærilegum hætti þetta starfsár. Iðkendur Gerplu unnu til fjölda verðlauna og tóku þátt á fjölmörgum mótum. Einnig átti Gerpla keppendur með landsliðum Íslands í áhaldafimleikum bæði í fullorðins- og unglingaflokkum.

Gerpla leggur mikið uppúr öryggi í salnum og er reglulegt eftirlit með tækjum og áhöldum sem notuð eru við æfingar og keppni. Reglulegt viðhald á sér stað og endurnýjun áhaldna eftir nauðsyn og stöðlum.

Gerpla átti 45 ára starfsafmæli árið 2016 og var því fagnað á árinu. Á sjálfan afmælisdaginn þann 25. apríl 2016 og var ákveðið að bjóða iðkendum Gerplu 10 ára og eldri til sundlaugarpartýs og yngri iðkendum á opið hús þar sem boðið var upp á afmælistertu og svala. Báðir viðburðirnir gengu mjög vel en starfsmenn félagsins fengu leyfi til að setja loftdýnu og fleiri áhöld út í sundlaug sem var mjög vinsælt meðal iðkenda. Einnig voru grillaðar pylsur ofan í mannskapinn sem skapaði góða stemmningu á bakkanum.

Í telfni af afmælinu var vel lagt í vorsýninguna en hún bar heitið Ávaxtakarfan og sýningarstjóri var Elsa Jónsdóttir. Henni til aðstoðar voru Stefánía Eypórsdóttir deildastjóri og Yrsa Ívarsdóttir. Í telfni afmælis leitaði sýningarstjóri eftir samstarfi við Barnakór Kársnesskóla og Skólahljómsveit Kópavogs og gekk það samstarf vonum framar og setti einstakan hátíðar – og glæsileikabrag á sýninguna.

Í byrjun hvernar sýningar voru frumsýnd myndbönd sem unnin voru fyrir nýja heimasíðu Gerplu sem tekin var í notkun 2016. Myndböndin eru liður í því að auka sýnileika áhaldafimleika og hópfimleika og hjálpa til við að útskýra muninn á þessum keppnisgreinum. Mikil ánægja var með myndböndin meðal sýningagesta og eru þau aðengileg á heimasíðu Gerplu.

Golfklúbbur Mosfellsbæjar



Almennt gekk starf klúbbsins vel á árinu. Mótahald var með sambærilegu sniði og undanfarin ár, en áframhald var á þeim nýjungum sem á árinu í innanfélagsmótum. Má þar nefna Víking deildina, liðakeppni sem heppnaðist afar vel og stækkaði töluvert frá fyrra ári.

Uppskeruhátið var haldin í lok tímabils. Á uppskeruhátíðinni voru afhent helstu verðlaun fyrir afrek í starfi félagsins svo sem framfarabíkar, kylfingar ársins, afrek ársins, félagsmaður ársins og fleira eftirminni-



legt úr starfi klúbbsins. Kvenkylfingur ársins var Ólöf María Einarsdóttir fyrir frammistöðu sína á árinu og Kristján Þór Einarsson sem bæði náðu framúrskarandi árangri á árinu. Afrek ársins var veitt stúlknausveit GM fyrir sigur í sveitakeppni GSÍ. Framfarabikarinn hlaut Daníel Ingi Guðmundsson. Félagsmaður ársins var Ásgeir Pálsson.

Meistaramót GM var haldið á Hlíðavelli á árinu og þótti takast vel til. Einstaklega létt og skemmtilegt andrúmsloft einkenndi mótið. Völlurinn skartaði sínu fegursta og voru veðurguðirnir okkur nokkuð hliðhollir að þessu sinni. Klúbbmeistarar í meistaraflokkum voru þau Nína Björk Geirsdóttir í kvennaflokki og Kristján Þór Einarsson í karlaflokki. Íþróttamiðstöð GM er nú í uppbyggingu og stefnt er á að hún opni snemma sumars 2017. Ljóst er að mikil breyting verður fyrir GM að komast í nýja aðstöðu á Hlíðavelli og er þess beðið með mikilli eftirvæntingu af félagsmönnum.

Aðalfundur GM fór fram þann 15. desember síðastliðinn. Á fundinum var Kári Tryggvason kjörinn nýr formaður GM en aðrir í stjórn eru eftirfarandi: Guðjón Karl Þórisson, Kristinn Wium, Vala Valtýsdóttir, Auður Ósk Þórisdóttir, Ragnheiður Ríkarðsdóttir og Siggeir Kolbeinsson.

Handknattleiksfélag Kópavogs



Aðalfundur félagsins fyrir starfsárið 2015 var haldinn 30 apríl 2016 í Fagralundi. Hefðbundin aðalfundarstörf. Formaður félagsins Sigurjón Sigurðsson var endurkjörinn til tveggja ára, tveir aðalmenn voru kjörnir í aðalstjórn til tveggja ára Kristinn Gunnarsson og Unnar Hermannsson. Ragnheiður Kolviðsdóttir og Einar Tómasson voru kjörin varamenn til eins árs.

Eftirfarandi skipa því Aðalstjórn félagsins:

Sigurjón Sigurðsson, formaður
Magnús Gíslason, varaformaður
Unnar Hermannsson, gjaldkeri
Kristinn Gunnarsson, ritari
Hólmfríður Kristjánsdóttir, fulltrúi félaga og stjórna
Ragnheiður Kolviðsdóttir, varamaður
Einar Tómasson, varamaður

Eftirfarandi eru formenn deilda:

Sigurður Orri Jónsson, handknattleiksdeild.
Valdís Arnarsdóttir, barna- unglingaráð handknattleik.
Baldur Már Bragason, knattspyrnudeild.
Kjartan Briem, barna- unglingaráð knattspyrnu.
Eyrún Harpa Hlynisdóttir, blakdeild.
Halldór Elvarsson, barna- og unglingaráð blak
Bjarni Bjarnason, borðtennisdeild.
Ólafur Már Hreinsson, dansdeild.
Áslaug Guðmundsdóttir, taekwondo deild.
Atli Þór Hannesson, bandýdeild.



Vetrarhátíð félagsins sem haldin var í Kórnum í janúar á hátíðinni voru tilkynnt hverjir hlutu titilinn Íþróttamaður og Íþróttakona HK og hlutu þau Elísabet Einarsdóttir og Lúðvík Már Matthíasson titla. Meistaraflokkur karla í blaki urðu Íslands- og deildarmeistarar árið 2016, fimmta árið í röð. Aðrir flokkar blakdeildar sem urðu Íslandsmeistarar: B-lið meistaraflokks karla og kvenna og 3.flokkur karla. 2.flokkur karla, 2.flokkur kvenna og 3.flokkur karla urðu einnig bikar-

meistara á árinu 2016. Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir, Máni Matthíasson og Nökkvi Halldórsson, Kári Hlynsson og Sigbór Helgason, Markús Ingi Matthíasson og Gunnar Heimir Ólafsson urðu öll Íslandsmeistara í strandblaki á árinu.

4.flokkur kvenna varð bikarmeistari í handbolta og 4.flokkur karla varð Íslandsmeistari B-liða í knattspyrnu.

Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir urðu Íslandsmeistarar í Ballroom og tíu dönsum ásamt því að verða bikarmeistarar í Ballroom dönsum.

Bjarni Þorgeir Bjarnason varð Íslandsmeistari í einliðaleik 40-49 ára og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir varð Íslandsmeistari í einliðaleik 16-18 ára ásamt því að vera Arctic Open meistari. Saman urðu þau Íslandsmeistarar í tvenndarkeppni á árinu 2016.

GKG



Aðalfundur var haldinn 30. nóvember 2016
Formaður: Finnur Sveinbjörnsson

Stjórn 2017:

Finnur Sveinbjörnsson, formaður
Þorgerður Jóhannsdóttir, varaformaður
Kristinn Jörundsson, gjaldkeri
Gunnar Jónsson, meðstjórnandi
Ingibjörg Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Jón K. Baldursson, meðstjórnandi
Ragnheiður Stephensen, meðstjórnandi
Sigmundur Einar Músson, meðstjórnandi
Einar Gunnar Guðmundsson, meðstjórnandi

Markvert úr starfi félagsins 2016

Aðalfundur GKG var haldinn 2. desember 2015. Á fundinum var kjörinn formaður til eins árs, þrír meðstjórnendur til tveggja ára og þrír varamenn til eins árs. Stjórnin kys sjálf varaformann, gjaldkera og ritara úr eigin hópi.

Stjórnin var þannig skipuð á starfsárinu 2016:

Finnur Sveinbjörnsson formaður
Bergþóra Sigmundsdóttir varaformaður
Kristinn Jörundsson gjaldkeri
Símon Kristjánsson ritari
Gunnar Jónsson meðstjórnandi
Jón K. Baldursson meðstjórnandi
Þorgerður Jóhannsdóttir meðstjórnandi
Einar G. Guðmundsson varamaður
Ragnheiður Stephensen varamaður
Sigmundur E. Músson varamaður



Á aðalfundinum lét Guðmundur Oddsson af formennsku í GKG. Hann var formaður félagsins í tíu ár, eða tæplega helminginn af aldri þess, og leiddi það á tímum mikilla breytinga. Þar skal helst nefna ráðningu þriggja framkvæmdastjóra, aukningu árlegrar veltu í rúmlega 200 m.kr., endurnýjun á leigusamningum við ríkið um GKG-svæðið til 20 ára frá 1. febrúar 2015 og síðast en ekki síst gerð samkomulags við Garðabæ og Kópavog um verulega hlutdeild þeirra í fjármögnun á byggingu íþróttamiðstöðvar GKG og yfirumsjón með byggingu hennar. Það var við hæfi að þegar Guðmundur lét af formennsku í GKG tók hann að sér formennsku í byggingarnefnd íþróttamiðstöðvarinnar og leiddi það verkefni til farsælla lykta.

Störf stjórnar

Stjórn GKG hélt 15 stjórnarfundir á starfsárinu. Þá átti stjórnin rafræn samskipti þegar ástæða var til. Að auki funduðu formaður og gjaldkeri reglulega með framkvæmdastjóra auk þess sem einstakir stjórnarmenn gegna mikilvægu hlutverki í nefndum félagsins. Þar skulu sérstaklega nefnd Gunnar sem formaður íþróttarnefndar og laganefndar, Jón sem formaður mótanefndar og Þorgerður sem formaður kvennanefndar.

Af hálfu stjórnar var lögð áhersla á að skerpa stjórnskipulag félagsins og skilgreina hlutverk, ábyrgð og samspil stjórnar, nefnda á vegum stjórnar og starfsfólks. Útbúin var skrifleg lýsing á stjórnskipulaginu og er hún sett á vefsíðu GKG. Jafnframt hafa nefndum verið sett markmið. Þá taldi stjórnin ástæðu til að yfirfara lög félagsins og annaðist laganefnd það verkefni. Tillögur laganefndar að nýjum lögum verða lagðar fyrir aðalfund GKG 2016.

Starfsfólk

GKG hefur á að skipa harðsnúnum hópi starfsfólks: Agnar M. Jónsson hefur verið framkvæmdastjóri síðan 2012. Guðmundur Á. Gunnarsson hefur verið vallaustjóri frá 2001. Úlfar Jónsson hefur verið íþróttastjóri frá 2004. Guðrún Helgadóttir hefur verið skrifstofustjóri frá 2010.

Þessi fjögur bera þungann af daglegum rekstri GKG. Auk þeirra starfa átta manns hjá félaginu við kennslu og þjálfun, rekstur verslunar, viðhald og viðgerðir á vélum og umsýslu við golfvelli. Á sumrin bætast við á milli 40 og 50 ungmenni sem sinna slætti og annarri umhirðu eða kenna á hinum sívinsælu barnanámskeiðum. Að hluta kemur sumarstarfsfólkið fyrir milligöngu og á kostnað Garðabæjar og Kópavogs en að hluta ber GKG kostnaðinn.

Um langt árabíl hefur sá háttur verið á að GKG hefur lagt veitingamanni til aðstöðu og hann rekið veitingasöluna fyrir eigin reikning. Með nýrri íþróttamiðstöð GKG varð gerbreting á veitingaaðstöðunni, bæði eldhúsinu og veitingasvæðinu inni og úti. Samið var við Írisi Ágústsdóttur, Ægi Friðriksson og Trausta Víglundsson um að sinna veitingasölu undir merkjum Mulligan sem er vörumerki í eigu GKG. Eftir annasamt sumar ákváðu þau að einbeita sér alfarið að eigin rekstri. Í kjölfarið var samið við Vigni Hlökkversson um að hann tæki að sér veitingasöluna. Fyrir utan að vera þrautreyndur og góður veitingamaður er Vignir gegnheill GKG-ingur. Miklar vonir eru því bundnar við samstarfið við hann.

Ný íþróttamiðstöð GKG

Íþróttamiðstöð GKG var vígð 9. apríl 2016. Bæjarstjórnir Ármann Kr. Ólafsson og Gunnar Einarsson fluttu ávörp. Brynjar Eldon, framkvæmdastjóri Golfsambands Íslands færði GKG árnaðaróskir frá sam-

bandinu. Lárus Blöndal, forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands færði GKG árnaðaróskir og afhenti endurnýjaða staðfestingu á því að GKG væri fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Þá flutti Guðmundur Oddsson, formaður byggingarnefndar íþróttamiðstöðvarinnar og fyrrverandi formaður GKG, ávarp og afhenti síðan Finni Sveinbjörnssyni, núverandi formanni GKG lykil að húsinu. Að því búnu klipptu börn í GKG á borða og staðfestu þannig opnun hússins. Auk formlegrar dagskrár spilaði GKG-ingurinn Magnús Már Harðarson á píano hússins en hann sá um að afla styrkja fyrir kaupum á því. Einnig flutti tónlistarmaðurinn Hreimur Örn Heimisson nokkur lög og Ingibjörg Fríða Helgadóttir var með söngatriði. Að lokinni formlegri dagskrá gafst gestum kostur á að skoða húsið og spreyta sig á ýmsum golfþrautum. Talið er að um 1.000 manns hafi komið í húsið þennan dag.

Íþróttamiðstöð GKG er rétt rúmlega 1.400 m² að stærð á tveimur hæðum. Húsið kostaði 668 m.kr. að meðtöldum húsgögnum og öðrum búnaði og frágangi utanhúss auk stækkunar á neðri hæð. Arkitekt hússins er GKG-ingurinn Helgi Már Halldórsson hjá ASK arkitektum og Landark sá um landslagshönnun. GG Verk var aðalverktaki við byggingu hússins. Kostnaðaráætlun og tímaáætlun stóðust nánast upp á dag og krónu sem að mestu leyti má þakka góðum undirbúningi hönnuða og röggsemi byggingarnefndar, framkvæmdastjóra GKG og VSÓ Ráðgjöf sem gegndi hlutverki byggingarstjóra.

Ný íþróttamiðstöð GKG gerbreytir ýmsu í rekstri félagsins: Æfingasvæðið á neðri hæð hússins með golfhermum, púttsvæði og æfingasal gera það mögulegt að halda úti öflugum kennslu- og þjálfunarstarfi árið um kring. Þá geta félagar og aðrir leikið golf sér til yndisauka í skammdeginu í golfhermunum við bestu hugsanlegu aðstæður.

Stór salur ásamt fullbúnum fundarherbergjum og veitingaaðstöðu á efri hæð hússins gera íþróttamiðstöðina að ákjósanlegum stað fyrir hvers kyns fundi og veislur. Rekstrarkostnaður GKG mun óhjákvæmilega vaxa með stærra húsnæði. Á móti kemur að glæsileg aðstaða eykur ánægju og vellíðan félaga auk þess sem hún skapar félaginu færi á að afla aukinna tekna. Ljóst er að nýja íþróttamiðstöðin getur gerbreytt forsendum í rekstri GKG og stórefitt félagið til hagsbóta fyrir alla félaga.

Íþróttamiðstöðin er glæsilegt hús sem fellur vel inn í fagurt umhverfi sitt. Þetta fór ekki framhjá umhverfisnefnd Garðabæjar sem veitti GKG viðurkenningu fyrir snyrtilegt opið svæði og umhverfi 2016.

Aðalskipulag Garðabæjar

Drög að nýju aðalskipulagi fyrir Garðabæ voru kynnt opinberlega seint í október 2016. Í drögunum er gert ráð fyrir að hluta af athafnasvæði GKG verði ráðstafað til annarra nota. Í drögunum er ekki ítarlega útfært með hvaða hætti athafnasvæðið skerðist, umfram það að tekið yrði af Mýrinni og æfingasvæðum. Á móti fengi félagið nýtt svæði sunnan

við íþróttamiðstöðina. Stjórn GKG hefur þegar gert alvarlegar athugasemdir við drögin. Hún er reiðubúin að vinna með bæjaryfirvöldum að því að finna lausn sem hentar öllum aðilum. Útgangspunktur stjórnarinnar er þó sá að Garðabær á ekki landsvæðið heldur ríkið, félagið er með langtímaleigusamninga við ríkið og Garðabær og Kópavogur hafa nýverið lagt 440 m.kr. til samans í uppbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar. Að gefnu þessu öllu er það sjónarmið stjórnar GKG að ekki verði hróflað við athafnasvæði félagsins nema búið verði svo um hnúta að félagið verði ekki lakar sett en áður. Þessu sjónarmiði verður fylgt eftir af festu.

Sjálfboðaliðar

GKG á því láni að fagna að aragrúi félaga og aðstandenda barna og unglunga er reiðubúin að leggja á sig mikla vinnu í þágu félagsins í sjálfboðavinnu. Hér má nefna aðstoð við mótahald, aðstoð við barna- og unglingastarfið, dómgæslu á mótum, hreinsun á GKG-svæðinu og skipulagningu og utanumhald á þróttmiklu kvennastarfi og starfi eldri kylfinga. Í fyrra og í ár bættust síðan við ótalin handverk við frágang á neðri hæð íþróttamiðstöðvarinnar.

Aldrei hefur verið reynt að meta til fjár óeigingjarnt framlag sjálfboðaliðanna til GKG. Ljóst er að það hleypur á milljónum króna á ári hverju. Þótt vinnuframlagið sé vissulega verðmætt, þá er það ekki síður velviljinn og hlýhugurinn í garð GKG sem skiptir máli. Það er gæfa GKG að eiga allt þetta góða og fórnfúsa fólk að.

Rekstur og fjármál

Rekstur GKG undanfarin ár hefur verið með ágætum. Á því varð engin breyting á árinu 2016.

Heildarrekstrartekjur á starfsárinu námu 236 m.kr. Tekjur af félagsgjöldum námu 138 m.kr. sem er um 58% af heildartekjum. Heildarrekstrarútgjöld námu 205 m.kr. og því er hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir 31 m.kr. Að teknu tilliti til síðasttöldu liðanna nam afkoman tæpum 5 m.kr.

GKG hefur staðið í miklum framkvæmdum á undanfórnum misserum. Nú er búið að byggja upp aðstöðu fyrir félagsmenn sem er með því allra besta hér á landi og þó víðar væri leitað. Íþróttamiðstöðin var fjármögnuð með þrennum hætti: Garðabær og Kópavogur leggja fram um 220 m.kr. hvort sveitarfélag. Þessi fjárhæð er verðtryggð og greiddist í fimm jöfnum hlutum á árunum 2016–2020.

GKG tók tvö bankalán. Annað að fjárhæð 440 m.kr. til fimm ára, þ.e. til jafnlangs tíma og greiðsluskuldbindingar sveitarfélaganna sem jafnframt eru til tryggingar láninu. Hitt bankalánið er að fjárhæð 150 m.kr. og er það til 2035, þ.e. til jafnlangs tíma og leigusamningarnir við ríkið um svæðið undir íþróttamiðstöðina, vélamiðstöðina og golfvöllinn. Íþróttamiðstöðin er veðsett bankanum til tryggingar þessu láni. Sjálf-

boðavinnu og vinnu eigin starfsfólks að fjárhæð um 60 m.kr.

Í fyrsta skipti í mörg ár er GKG skuldsett umfram venjulegar rekstrar-skuldir. Langtímaskuldir félagsins eru nú 323 m.kr. Á móti kemur inneign hjá sveitarfélögunum upp á kr. 176 m.kr og því eru nettóskuldirnar 177 m.kr. Verulegt framlag kom frá félagsmönnum í formi sjálfboðavinnu. Framlag þetta er ómetanlegt á allan hátt en þó er ljóst að skuldirnar hefðu orðið umtalsvert hærri ef þeirrar vinnu hefði ekki notið við. Það skiptir miklu máli fyrir reksturinn á næstu árum að viðunandi nýting fái út úr rekstri hinnar nýju aðstöðu. Því veltur á miklu að GKG-ingar kunni að meta þessa aðstöðu og sýni það í verki með góðri aðsókn í þá þjónustu sem þar býðst.



Golfklúbburinn Oddur



Stjórn GO 2015-2016

Ingi Þór Hermannsson, formaður

Guðmundína Ragnarsdóttir, varaformaður

Einar Geir Jónsson, gjaldkeri

Ágústa Arna Grétarsdóttir, ritari

Svavar Geir Svavarsson, meðstjórnandi

Þorvaldur Ólafsson, varamaður

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds fór fram 8. desember 2016

Óhætt er að segja að síðastliðið sumar hafi verið okkur afskaplega hliðhollt til að stunda þessa skemmtilegu íþrótt og útivist sem við höfum valið okkur og viljum njóta. Á það ekki síst við um veðurfarið því allt féll saman, sólriðara, hlýrra, vætuminna og hægviðrasamara sumar en mörg ár þar á undan. Völlurinn var snemma í frábæru standi þótt veturinn á undan hafi verið okkur erfiður og skilið efir sig kalbletti á brautum. Ljúfingur kom til að mynda mjög illa undan vetri.

Evrópumót kvenna sem haldið var í byrjun júlí var þungamiðjan í starfinu á árinu en það er stærsta golfmót sem haldið hefur verið á Íslandi. Framkvæmd þess var Golfklúbbum Oddi til mikils sóma.

Völlurinn var opnaður inn á sumarflati 7. maí og ekki lokað fyrr en 26. október. Það hefur ekki gerst áður að völlurinn sé opinn inn á sumarflati þetta lengi inn á haustið.

Félagsmenn

Skráðir félagsmenn í Oddi voru í lok starfsársins 1211 og fjölgaði félögum um 9 frá fyrra ári. Af þeim eru 1.099 með fulla félagsaðild en 112 félagar eru með Ljúflingsaðild. Oddur er fjórði stærsti klúbbur landsins innan vébanda GSÍ og eru félagsmenn í Oddi 7,2% af heildarfjölda og 12% sé einungis horft til höfuðborgarsvæðisins.

Bókaðir hringir félagsmanna á Urriðavelli voru 26.438 Til samburðar voru 23.506 hringir bókaðir í fyrra og því er aukningin um 12,5% milli ára.

Enn sem fyrr er Oddur með hæsta hlutfall kvenna í sínum röðum í samburði við aðra golfklúbba. Stjórn klúbbsins er stolt af þessari þróun og undirstrikar mikið og gott starf sem unnið er af kvennanefnd klúbbsins. Börn og unglingar undir tvítugu eru nú 96 talsins sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári.

Evrópumót kvennalandsliða

Hápunktur starfsársins var án efa framkvæmd Evrópumóts kvennalandsliða. Auk Íslands tóku 19 Evrópuþjóðir þátt í mótinu. Tæplega 200 keppendur, fararstjórar, dómara, starfsmenn og stjórnarmenn Evrópska golfsambandsins komu til landsins og heimsóttu Urriðavöll keppnisvikuna sem saman stóð af fimm keppnisdögum og tveimur æfingadögum.

Það er skemmst frá því að segja að framkvæmdin tókst í alla staði mjög vel og undirstrikaði getu og styrk klúbbsins og þar með íslenskrar golfhreyfingar til að takast á við verkefni að þessari stærðargráðu. Umsagnir sem við fengum frá þátttakendum sem og fulltrúum evrópska golfsambandsins voru allar mjög jákvæðar og ánægjulegar. Alls unnu tæplega 80 félagsmenn þau fjölbreyttu störf sem þurfti að sinna og 2.366 tímar voru unnir. Það jafngildir tæplega einu og hálfu ársverki! Að jafnaði voru 28 félagsmenn að störfum á hverri vakt og hver sjálfboðaliði vann 6 tíma á dag að jafnaði. Þá er ekki talinn með tímar við undirbúning, vinnuframlag stjórnarmanna og íslenskra dómara sem lögðu mótinu lið.

Heldur ekki vinna starfsmanna klúbbsins sem lögðu á sig mikla vinnu og metnað við að gera mótið hið glæsilegasta í alla staði. Það voru langir dagar hjá starfsmönnum í aðdraganda og meðan á mótinu stóð enda í mörg horn að líta.

Völlurinn var í mjög góðu ástandi, flatir sjaldan verið betri en vallar-

starfsmenn gerðu kraftaverk í aðdraganda við að koma brautum í gott stand enda margar illa farnar eftir erfiðan vetur. Keppendur voru mjög heppnir með veður, hlýtt og þótt blásið hafi nokkuð keppnisdagana hélst veður að mestu þurrt.

Ljóst er að mótið og framkvæmd þess á eftir að auka hróður klúbbsins og vallarins sem mun að líkindum fjölga heimsóknum erlendra gesta á næstu árum.

Félagsstarf

Félagsstarf var með nokkuð hefðbundnu sniði á liðnu starfsári þar sem innanfélagsmót eru kjarninn í starfinu.

Vegna Evrópumótsins tók stjórn ákvörðun um að stytta meistaramót klúbbsins um einn dag í flestum flokkum og ljúka keppni á föstudegi í stað laugardags. Ekki voru allir á eitt sáttir með þessa ákvörðun en hún var tekin til þess að sætta sjónarmið um að halda meistaramótið annarsvegar og aðgengi að rástímum hinsvegar. Byrjað var að ræsa út fyrr á morgnana og niðustaðan varð sú að hægt var að skrá sig á rástíma upp úr kl. 15 alla mótisdagana. Þrátt fyrir þessar breytingar ríkti gleði og gaman í meistaramótinu enda lék veðrið flesta dag við kyflinga og völlurinn í frábæru standi. Lokahófið var ekki síður ánægjulegt. Hrafnhildur Guðjónsdóttir og Rögnvaldur Magnússon stóðu uppi sem klúbbmeistarar 2016.

Holukeppnin er einnig orðin föst í sessi en að þessu sinni stóð Auður Skúladóttir uppi sem sigurvegari.

Þá er bændaglíman að verða eitt mest spennandi viðburðurinn í innanfélagsstarfinu. Til þess að mæta mjög svo aukinni eftirspurn þá var í haust gripið til þess ráðs að taka Ljúflinginn undir líka og því völlurinn sem spilaður var orðinn eitthvað annað og miklu meira en 18 holar. Leikformið er kannski líka orðið eitthvað annað og miklu meira en bara golf. Í það minnsta höfðu menn gaman og skemmtu sér vel.

Afreks-, barna- og unglingastarf

Byrjendanámskeið fyrir börn og unglinga voru í boði eins og undanfarin ár. Að þessu sinni voru haldin 3 námskeið sem um 60 krakkar á aldrinum 6–12 ára mættu á. Klúbburinn hefur fína aðstöðu upp á að bjóða fyrir þessi námskeið, bæði æfingasvæðið og Ljúfling.

Þá voru að auki stundaðar æfingar af krafti hjá þeim krökkum sem eru komnir af byrjendastiginu. Alls tóku um 20 krakkar þátt í æfingum og keppnum á vegum klúbbsins. Við sendum tvær sveitir á Íslandsmót golfklúbba unglinga. Mörgum af okkar yngstu kyflingum gafst tækifæri á að spreyta sig í keppni í nýrri mótarið, PGA Juniors, sem haldið var í sumar af PGA kennarasambandinu og var það það skemmtileg og kær viðbót.

Afrekssveitir karla- og kvenna og öldungaflökkum karla og kvenna voru við æfingar á vegum klúbbsins eins og áður. Sveitirnar tóku þátt

í sveitakeppni golfklúbba og náðu mjög góðum árangri. Sveit eldri kyflinga karla vann til silfurverðlauna í efstu deild eftir úrslitaleik á móti GR. Sveit eldri kyflinga kvenna vann til gullverðlauna í annarri deild og spilar í efstu deild að ári. Karlasveitin vann til silfurverðlauna í 4. deild.

Stækkun Urriðavallar

Vinna við gerð deiliskipulags fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnslandi sem m.a. gerir ráð fyrir stækkun um 9 holu golfvöll í Búrfellshrauni hefur haldið áfram á liðnu starfsári. Fyrir liggur tillaga landeigenda að skipulagi útivistarsvæðisins sem lögð hefur verið fram til kynningar til Garðabæjar. Bærinn hefur hins vegar ekki enn tekið afstöðu til tillögunnar af þeirri ástæðu að Garðabær hefur mótað þá stefnu að friðlýsa eigi allt hraunið frá Búrfelli, um Urriðakotshraun til sjávar. Urriðakotshraunið í eigu Oddfellow reglunar er hluti af þessu svæði og hefur Garðabær áhuga á því að friðlýsa það sem fólkvang skv. náttúruverndarlögum.

Fyrir liggur að áður en Garðabær tekur afstöðu til lagningar golfbrauta í Urriðakotshrauni þá vill bæjarstjórn fá úr því skorið hvort mögulegt sé að friðlýsa hraunið sem fólkvang, þrátt fyrir að golfbrautir verði lagðar í hraunið. Garðabær og landeigendur eru nú að skoða þetta nánar í samstarfi við Umhverfisstofnun. Í svari við fyrirspurn til Umhverfisstofnunar segir að útivist eins og golfvöllur gæti fallið innan verndarsvæðis sem fólkvangs, svo fremi sem að verndargildi svæðisins sé ekki ógnað með framkvæmdum sem valda verulegu raski. Vegna nýrra náttúruverndarlaga, þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skýrt hlutverk við mat á verndargildi, var stofnunin fengin til að meta verndargildi svæðisins og er mat þeirra væntanlegt innan fárra daga.

Í kjölfarið mun Garðabær væntanlega taka afstöðu til þess hvort bæjarfélagið tekur undir þá ósk landeigenda um að hægt verði að leggja golfbrautir í hraunið. Afstaðan mun að hluta til byggja á mati Náttúrufræðistofnunar.

Hvernig framhaldið verður mun því ekki koma í ljós fyrr en afstaða Garðabæjar liggur fyrir. Vonandi skýrast línur snemma á næsta ári.

Sú framtíðarsýn sem unnið er að nú er að á Urriðavatnslandi felur í sér að útivist og fræðsla geti farið saman við vernd einstakrar náttúru, menningarminja og landslags. Þar verði gott aðgengi fyrir almenn- ing, öflugt stígakerfi með góðum tengingum við nærliggjandi svæði, vönduð fræðsluskilti, aðstaða til umhverfis- og menningarfræðslu og aðstaða til golfíðkunar á heimsmaðilvarða.

Það er von okkar og trú að samstarf Garðabæjar og landeigenda muni leiða til uppbyggingar einstaks útivistarsvæðis í Urriðavatnslandi og golfvallar á heimsvísu.

Að lokum

Mikilvægasta verkefni stjórnar á næsta ári er því að minna mati að fara í

saumana á fjármálunum og finna leið til þess að styrkja rekstargrundvöllinn án þess að þurfa að fara frekar ofan í vasa félagsmanna en sem nemur verðlagshækkunum.

Það er gaman að vera hluti af því samfélagi sem hefur myndast í Oddi á síðustu árum. Hvað öðru líður er ég sannfærður um að svo verði áfram og að öflugt félagsstarf og félagssandi verði leiðarljósið í störfum stjórnar og félagsmanna í nýju ári.

Að lokum ítreka ég þakkir til starfsmanna klúbbsins fyrir vel unnin störf. Ekki síður til ykkar félagsmanna sem lögðu klúbbnum lið í gegnum sjálfbæðastörf í sumar.

Stjórn Odds óskar félagsmönnum sínum farsældar á nýju ári og þakkar fyrir ánægjulega samveru.

f.h. stjórnar Golfklúbbsins Odds
Ingi Þór Hermannsson,
Formaður.

Hörður



Aðalfundur félagsins var haldinn 9. nóvember 2016.

Í stjórn félagsins sitja: Hákon Hákonarson formaður, Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari, Sveinfríður Ólafsdóttir gjaldkeri, Alexander Hrafnkelsson, Gunnar Valsson, Gígja Magnúsdóttir, Haukur Nielsson, Ragnhildur Traustadóttir og Rúnar Guðbrandsson.

Haldnir voru 15 formlegir stjórnarfundir á starfsárinu.

Fundað hefur verið reglulega með formönnum hestamannafélaganna á Höfuðborgarsvæðinu.

Hestamannafélagið Hörður hefur ekki haft framkvæmdastjóra í vinnu sl. þrjú ár eins og önnur hestamannafélög af svipaðri stærð.

Í byrjun janúar var Reynir Örn Pálmason Harðarfélagi valinn Íþróttamaður Mosfellsbæjar 2015 og hélt félagið Reyni Erni veglega veislu í tilefni af valinu. Á uppskeruhátíð Harðar í október sl. var Reynir Örn Pálmason valinn Íþróttamaður Harðar 2016 og Súsanna Sand Ólafsdóttir Íþróttakona Harðar 2016.

Hestamannafélagið Hörður og Fjölbautarskóli Mosfellsbæjar (FMOS) eru áfram í samstarfi og er skólinn að leigja reiðhöllina undir verklega kennslu, en hestabraut er í boði hjá FMOS. Stjórnarmenn Harðar sitja jafnframt í vinnuhópi skólans varðandi kennsluna.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri leigði reiðhöllina á vorönn undir kennslu.

Mikið og óeigingjarnt sjálfbæðisstarf var unnið síðasta vetur við að klára viðbygginguna við Harðarból, félagsheimilið okkar og er það nú fullklárað.



Ragnheiður Samúelsdóttir bauð Harðarkonum upp á námsekið, Tölt-grúppuna. Rúmlega 40 konur skráðu sig til leiks. Hestadagar voru haldnir á höfuðborgarsvæðinu 30. apríl og 1. maí. Hörður tók þátt og var reiðhöllin opin og gefin var kjötsúpa, svalt og kaffi. Teymt var undir krökkum og Harðarkrakkar sýndu atriði úr Æskan og Hesturinn. Harðarfélagar tóku þátt í miðbæjarreiðinni eins og venjulega.

Farið var riðandi í Fák 23. apríl. Mikil þátttaka var í ferðina og tókst hún mjög vel að venju í frábæru veðri. Fáksmenn komu svo riðandi til okkar (Hlégarðsreið) 7. maí og vorum við með veitingarnar að þessu sinni í reiðhöllinni sem tókst mjög vel í frábæru veðri. Í þessum báðum ferðum voru vel á annað hundrað manns sem mættu.

Reiðveganefnd hafði til ráðstöfunar á árinu framlag frá Landssambandi Hestamannafélaga kr.1.800.000,- og var það nýtt í að setja yfirlag á reiðleið með Köldukvísl milli Hrísrúar og Mosfellskirkju og í nýjan reiðveg með Varmá austan við neðri hluta hesthúsahverfis. Yfir 100 manns sóttu reiðnámskeið á vegum fræðslunefndar veturinn 2015-2016. Boðið var upp á mörg mismunandi námskeið.

Síðastliðinn vetur gekk vel hjá fræðslunefnd fatlaðra og alltaf bætast fleiri þátttakendur í hópinn. Fjöldi sjálfboðaliða hjálpuðu til við að láta þetta ganga upp. Nú í haust erum við með 7 námskeið í gangi alla daga vikunnar nema á sunnudögum. Erum við með 5 nemendur í senn en svo er einn hópur á fimmtudagsmorgnum (MS sjúklingar) sem eru 10 saman þannig að þetta haustið erum við með 40 nemendur. Sl vor var haft samband við UMSK og viðræður hafnar við önnur hestamannafélög innan þess um um að taka þátt í þessu verkefni með okkur þannig að hægt væri að þjónusta fleiri og dreifa álaginu. Væri

frábært að fá fleiri hestamannafélög til að vinna þetta skemmtilega starf og þá kæmust fleiri á námskeið. Kristján Kristjánsson er byrjaður að vinna að þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir Fræðslunefnd fatlaðra á Höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn félagsins er ánægð með rekstrarafkomu ársins og við lítum björtum augum til næsta árs. Félagið er í góðum samskiptum við Mosfellsbæ, skólana í Mosfellsbæ og önnur íþróttafélög. Við leitum til þeirra og þeir til okkar með hin ýmsu mál, því það er horft til þess að Hestamannafélagið Hörður er fyrirmyndar félag innan ÍSÍ.



ÍAK



Aðalfundur Íþróttafélags aldraðra í Kópavogi 2016 var haldinn í Digraneskirkju 5. apríl.

Stjórnina skipa:

Formaður: Hörður Þorleifsson, 280528-4049

Gjaldkeri: Margrét Loftsdóttir, 270442-7069

Ritari: Ragna Guðvarðardóttir, 171134-2509

Meðstjórnendur:

Sæunn Þorleifsdóttir, 070437-2609

Vigdís Jack, 240329-2049

Endurskoðandi reikninga:

Guðrún Guðnadóttir, 240131-7149

Íþróttafélagið starfaði með sama sniði og áður. Leikfímistíminn byrjar kl 11 f.h. og stendur í 40 mínútur, þriðjudaga og fimmtudaga. Óbreytt er mánaðargjaldið frá síðasta ári, 1.500 krónur. Veikindi og ýmis óhöpp valda hindrun á mætingu. Margir fara í sólarlandaferðir um vetrartímann.

Vorönn hófst 7. janúar og lauk 12. maí. Haustönn byrjaði 8. september. Síðasti tíminn fyrir jólafrí var 15. desember. Félagið hefur, eins og

áður, aðstöðu á jarðhæð í Digraneskirkju. Skráðir félagar eru 92, þar af eru 76 virkir. Þeir eru taldir virkir sem mæta þótt þeir komi óreglulega. Á árinu voru 64 leikfímistímar og að meðaltali mættu 24 en að hámarki mættu 39. Í tímum er mikil áhersla lögð á upphitun, síðan alhliða hreyfingu með áherslu á axlir og aðra liði auk þjálfunar vöðva og teygjur. Þjálfari félagsins er Fannar Karvel Steindórsson íþróttatræðingur sem hefur annast okkur á sjötta ár. Frá ársbyrjun hefur Steinunn Helga Björgólfsson íþróttatræðingur þjálfað okkar flesta fimmtudaga. Það er tenging milli íþróttafélagsins og kirkjustarfs aldraðra í Digraneskirkju sem hefst eftir leikfímistímann á þriðjudögum. Vor og haust er farin dagsferð. Sl. vor var farið um Suðurland í boði eigenda fornbíla og í haust var farið í hringferð um Árnessýslu. Íþróttastaðan í Digraneskirkju er ókeypis en tengist kirkjustarfi aldraðra.

Kveðja: Hörður Þorleifsson form.

Knattspyrnufélag Garðabæjar KFG



KFG náði langþráðum áfanga á árinu 2016, en í 9 tilraun tókst KFG að vinna sér sæti í 3 deild á árinu 2017. KFG hefur undanfarin 4 ár ávallt tryggt sér sæti í úrslitakeppni 4 deilda en ekki haft erindi sem erfiði fyrr en 2016. KFG hafnaði í 2 öðru sæti eftir úrslitaleik 4 deilda þar sem Berserkir höfðu betur. En bæði lið tryggðu sér keppnisrétt í 3 deild.

KFG hefur verið í samstarfi við Stjórnuna og eru flestir leikmanna KFG með feril í Stjórnunni. KFG hefur náð að tefla fram öflugri blöndu yngri og eldri leikmanna og hyggur á stóra hluti í 3 deildinni. Þjálfarar KFG eru Björn Másson, Kristján Másson og Lárus Guðmundsson. Formaður er Lárus Guðmundsson.

Júðófélag Garðabæjar

Starfsskýrsla JG fyrir veturinn 2016 – 2017

Síðasti aðalfundur var haldinn þann 10. ágúst 2016

Í stjórn félagsins eru:

Björn H. Halldórsson, formaður

Þórgímur Hallsteinsson, ritari

Gunnar Þorvaldsson, gjaldkeri

Jóhanna S. Sigurðardóttir, meðstjórnandi

Kristrún Sigurðardóttir, meðstjórnandi

Júðófélag Garðabæjar (JG) var stofnað árið 2010 og er því æfingartímabilið 2016 – 2017 sjötti starfsvetur félagsins.

Starfið hefur gengið mjög vel síðastliðin ár og var liðinn vetur engin undantekning.



Í ár hefur hafa verið 15 iðkendur í 10 til 15 ára og að jafnaði 7 til 8 iðkendur á fullorðinsæfingum.

Gísli Vilborgarson hefur að mestu séð um alla þjálfun félagsins. JG hefur tekið þátt í nokkrum mótum líkt og venjan er og hafa iðkendur félagsins fengið gull og silfur verðlaun og gengið almennt vel. JG átti 3 Íslandsmeistara í unglingsflokkum og Gísli Vilborgarson varð í 2. sæti í -73kg flokki fullorðinna á Íslandsmeistaramóti og í 1. sæti á vormóti og haustmóti JSÍ.

Mikil samstaða er í félaginu og hefur myndast þéttur kjarni félagsmanna sem hefur fylgst að núna í nokkur ár. Viðhorf og þátttaka for-eldra hefur einnig skipt gríðarlega miklu máli fyrir félagið í heild sinni og stefnt er að því að efla starf Judofélags Garðabæjar á komandi tímabilum og hvetja iðkendur til þess að ná enn meiri árangri í framtíðinni.

Kv Björn H Halldórsson formaður Judofélags Garðabæjar.

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar



Mikil gróska í starfi deildarinnar einkenndi árið 2016, með miklum breytingum. Nú hefur verið breytt um nafn á Kraftlyftingafélagi Mosfellsbæjar í Lyftingadeild Mosfellsbæjar. Ástæðan er sú að það er mikill

áhugi á ólympískum lyftingum í bæjarfélaginu og hugmyndin að nafnið fangi bæði ólympískar lyftingar og kraftlyftingar.

Auður Linda Sonjudóttir hefur verið okkar fremsti keppandi í Kraftlyftingum og er núverandi Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum og er handhafi 15 Íslandsmeta, Auður tók 92.5 kg í hnébeygju – 47,5 kg í bekkpressu og 100 kg í réttstöðulyftu, samanlagt 240 kg í 52 kg flokki. Með því að bæta árangur sinn örlítið og keppa á næstu mótum mun hún verða valin í landsliði Íslands. Hún stefnir á Íslandsmeistið sem haldið verður í mars og má búast við töluverðum bætingum þar.

Lyftingadeildin hefur tekið virkan þátt í mótahaldi á árinu og komið að



Evrópumótinu í bekkpressu, Bikarmótinu svo eitthvað sé nefnt. Gamlármótið var haldið að Varmá og var keppt bæði í kraft- og ólympískum lyftingum.

Dagur Fannarsson varð annar á Jólamáti Lyftingasambandsins með 55 kg í snörun og 70 kg í snörun, 125 kg samanlagt og fór í gegnum mótið með allar lyftir gildar. Kjartan Elvar Baldursson keppti líka á þessu móti 94 kg flokki en fell úr í snörun þar sem gömul meiðsli tóku sig upp.

Guðmundur Sigurðsson hefur séð um þjálfun í ólympískum lyftingum og fylgt keppendum eftir á mótum. Hjalti Árnason hefur séð um þjálfun í kraftlyftingum.

Það eru um 50 virkir félagar í dag.

Kv. Hjalti Árnason formaður.

Mótomos



Félagið hélt í sumar í tvígang ókeypis námskeið fyrir félagsmenn með góðum árangri. Mjög góð mæting var á námskeiðin af ungum ökömönnum og létu þeir vel af því og verður haldið annað námskeið 2017.

Kennarinn á námskeiðunum var einn af bestu íslensku ökömönnum í dag Eypór Reynisson, en hann hefur verið í samstarfi með Motomos um nokkur skeið.

Eypór er mjög góður þjálfari og með mikla reynslu, og nær vel til ungu krakkana.

Hann hefur verið að keppa erlendis undarinn ár og hefur Motomos styrkt hann í því.



Það var haldið Íslandsmeistaramóti í Motomos 2016 sem gekk mjög vel fyrir sig í alla staði og er það í fjórða sinni sem það er haldið hjá okkur.

Það voru engin slys og ekkert vesen sem er frábært og það var meira segja gott veður.

Aðalfundur var haldinn 25. júní þar sem Bjarni Sigurgeirsson heldur áfram sem formaður.

Æfinga og keppnissvæði Motomos hefur verið að þróast í eina af flottust brautum landsinn og var það mikið verk. En í sumar fengum við góða viðbót í vökvunarkerfið sem hefur verið okkar helsta vandamál ef það er þurrt. En næstum öll þessi vinna hefur verið unninn í sjálfböðavinnu frá upphafi og er Motomos í þakkarskuld við þessa sjálfböðaliða!

Stjórn Motomos samanstandur af:

Bjarni Sigurgeirsson formaður og brautarstjóri.

Sveinbjörn D. Magnússon

Þorgeir Olason

Arnar H. Guðbjörnsson

Ívar P. Hannesson

Benedikt Gíslason

Tómas Valdimarsson

Knattspyrnufélagið Kría



Árið 2016 sendi Knattspyrnufélagið Kría inn lið í Íslandsmeisti karla í knattspyrnu og Bikarkeppni KSÍ. Liðið hafnaði í fjórða sæti D riðils 4. deilda og í bikarnum komst liðið í þriðju umferð bikarkeppnarrinnar en féll þar út á móti úrvaldsdeildarliði Breiðabliks. Kría er í nánú samstarfi við íþróttafélagið Gróttu og samanstandur leikmannahópur Kríu af leikmönnum

sem fóru í gegnum yngri flokka starf Gróttu. Á síðasta keppnistímabili sendu liðin inn sameiginlegt lið til leiks í 2. flokki karla knattspyrnu. Aðalfundur Knattspyrnufélagsins Kríu var haldinn 21 janúar síðastliðinn. Á aðalfundinum fóru fram stjórnarskipti en sú stjórn sem fór frá hafði verið frá stofnun liðsins. Aðalstjórn skipa nú þeir Pétur Már Harðarson formaður, Jóhannes Hilmarson varaformaður og Pétur Rögnvaldsson gjaldkeri. Ný stjórn réði í framhaldinu Arnar Þór Axelson sem þjálfara liðsins fyrir komandi keppnistímabilið.



Golfklúbbur Ness



Aðalfundur Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins var haldinn laugardaginn 1. nóvember. Um 70 félagar sátu fundinn. Lögð var fram skýrsla stjórnar sem og reikningar sem voru samþykktir samhljóða.

Töluverð breyting varð á stjórn klúbbsins þar sem að þrír stjórnarmeðlimir, þeir Arnar Friðriksson, Geirarður Geirarðsson og Oddur Óli Jónasson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Í þeirra stað voru kosin í stjórn þeir Árni Vilhjálmsson, Jóhann Karl Þórisson og Stefán Örn Stefánsson. Stjórn Golfklúbbs Ness – Nesklúbbsins því þannig skipuð:

Formaður: Kristinn Ólafsson

Árni Vilhjálmsson

Áslaug Einarisdóttir

Guðrún Valdimarsdóttir

Stefán Örn Stefánsson

Varamenn:

Jóhann Karl Þórisson

Purður Halldórsdóttir

Framkvæmdastjóri er Haukur Óskarsson

Starfsárið 2016 var ákaflega líflegt hjá Nesklúbbum bæði innan vallar sem utan. Fimmasta heitasta sumar á suðvesturhorni landsins frá upphafi mælinga bauð upp á að allar aðstæður urðu eins og best verður á kosið. Völlurinn skartaði sínu fegursta og nutu félagsmenn og gestir alls hins besta sem Nesvöllurinn og umhverfi hans býður upp á. Starfsemi klúbbsins var með hefðbundnum hætti. Fyrir utan daglegt starf voru haldin á þriðja tug golfmóta, þar af fimm opin mót. Kvennastarf klúbbsins er í miklum blóma og eru mæting á viðburði tengda konum ávallt mjög góð. Unglingastarf var sem fyrr í höndum Nökkva Gunnarssonar, golfkennara. Yfir vetrarmánuðina var æft í Lækninga-minjasafninu norðan Nesstofu eins og undanfarin ár og æfingar svo færðar út á Nesvöll þegar veður leyfði. Eftir fækkun í hópum barna og unglinga undanfarin ár voru nú fleiri iðkendur í þeim hópum og því ber að fagna. Mikill metnaður er innan stjórnar klúbbsins að breiða út og auka starfsemi fyrir yngstu kynslóðirnar og verður áhugavert að sjá hvernig til tekst á næstu árum. Meistaramót klúbbsins var haldið dagana 2. – 9. júlí þar sem að rúmlega tvö hundruð félagsmenn voru skráðir til keppni. Klúbbmeistari karla er Oddur Óli Jónasson sem sigraði í fyrsta sinn og klúbbmeistari kvenna er Karlotta Einarisdóttir sem sigraði annað árið í röð.

Einvígið á Nesinu, „shoot-out“ góðgerðarmótið var að venju haldið á frídeggi verslunarmanna, núna mánudaginn 1. ágúst. Mótið sem nú var haldið í tuttugasta skipti var sem fyrr styrktarmót þar sem tíu af bestu kylfingum landsins er boðin þátttaka og spiluðu í ár í þágu Umhyggju, félagi sem vinnur að bættum hagi langveikra barna. Sigurvegari mótsins var Oddur Óli Jónasson úr Nesklúbbum. Fjöldi áhorfenda leggur ávallt leið sína á Nesvöllin á þessu móti og eins og áður var mótið tekið upp og síðar sjónvarpað.

Fuglavarp var ákaflega gott og var talið að kríurnar hafi komið töluvert fleiri ungum upp síðastliðið sumar en undanfarin ár.

Í lok árs opnaði Nesklúbburinn nýja inniaðstöðu sem fengið hefur nafnið Risið og er á Eiðistorgi 11 á Seltjarnarnesi. Þar má finna Golfhermi af bestu gerð, þúttflatir og svæði til þess að æfa golfsveifluna. Aðstaða sem þessi er gríðarleg lyftistöng fyrir klúbbinn þar sem nú er hægt að bjóða upp á fyrsta flokks æfingaaðstöðu allt árið um kring. Félagar í Golfklúbbi Ness eru núna 750 talsins og er biðlisti í klúbbinn sem á eru nú rúmlega 600 manns.

Lyftingafélag Garðabæjar



Aðalfundur félagsins var haldinn laugardaginn 3. Desember. Stjórn félagsins er óbreytt frá 2015. Markmið LFG er að stuðla að uppbyggingu ólympískra lyftinga í Garðabæ og nágrenni.



Árið 2016 var flott ár hjá LFG sem byrjaði með því að LFG hélt Íslandsmeistaramót í ólympískum lyftingum þann 27. febrúar. Mótið fór fram í húsakynnum CrossFit XY þar sem LFG hefur aðstöðu til æfinga. Þetta var stærsta Íslandsmeistaramót sem haldið hefur verið í ólympískum lyftingum með 51 keppenda, þar af 5 keppendur frá LFG. Andri Gunnarsson, LFG, varð stigahæsti lyftingamaðurinn á mótinu og setti íslandsmet í sínum flokki. Lilja Lind Helgadóttir, LFG, varð sömuleiðis íslandsmestari í sínum flokki. Fyrir utan Íslandsmótið átti LFG marga flotta fulltrúa sem að kepptu á árinu, bæði hérlandis sem og erlendis og stefnum við að því að fjölga keppendum á nýju áru.

Skotfélag Kópavogs



Aðalfundur Skotfélags Kópavogs var haldinn í félagsaðstöðu okkar í Íþróttahúsinu í Digranesi í lok febrúar 2016.

Stjórn félagsins skipa:

Jóhann A. Kristjánsson formaður.

Stefán Sigurðsson varaformaður

Bára Einarisdóttir gjaldkeri

Jón Viðar Björnsson ritari.

Friðfinnur Gunnarsson meðstjórnandi.

Félagið heldur áfram að stækka og stöðugt bætast fleiri iðkendur í hópinn. Sérstaklega er ánægjulegt að kvenkynsfélögum hefur fjölgað mikið.

Skipulagðar skotæfingar eru stundaðar sex daga vikunnar og hefjast þær kl. 19:00 á mánudögum, kl. 20:00 á þriðjudögum, kl. 20:00 á miðvikudögum, kl. 16:00 á fimmtudögum og kl. 20:00 á föstudögum. Standa æfingarnar yfir fram til kl. 22:00 öll kvöldin nema á fimmtu-

dögum. Þá er æft til kl 23:00. Á laugardögum eru æfinga milli kl. 10:00 og 12:00

Skotmenn félagsins leggja stund á flestar skotgreinar sem Alþjóða skotíþróttasambandið (ISSF) stendur fyrir og eru fjölmennir á skotkeppnum Skotíþróttasambands Íslands (STÍ) í kúlugreinum. Auk þess var Skotíþróttafélag Kópavogs virkt í landsmótahaldi Skotíþróttasambands Íslands.

50m liggjandi riffill. (Enskur Riffill)

Í 50m liggjandi riffilli (Enskum) á félagið jafnan flesta keppendur á lands- og Íslandsmeótum. Á Íslandsmeistaramótinu var félagið sigursælt. Jón Þór Sigurðsson varð Íslandsmeistari með 623,7 stig sem var jafnframt glæsilegt nýtt Íslandmet og A-lið félagsins varð einnig Íslandsmeistari í liðakeppninni en sveitina skipuðu Jón Þór Sigurðsson, Arnfinnur Auðunn Jónsson og Stefán Eggert Sigurðsson. Jón Þór Sigurðsson keppti í grein sinni á Evrópumeistaramótinu í Þýskalandi. Þá varð Bára Einarsdóttir einnig Íslandsmeistari í 50m liggjandi riffilli í kvennaflokki og A sveit Skotíþróttafélags Kópavogs, skipuð Báru Einarsdóttur, Guðrúnu Hafberg og Margréti Lindu Alfreðsdóttur varð Íslandsmeistari í liðakeppni kvenna.

Kvennasveit Skotíþróttafélags Kópavogs sett Íslandmet í 50m liggjandi riffilli á Landsmóti STÍ sem fram fór á Digranesinu 20. mars. Sveitin var skipuð Báru Einarsdóttur, Guðrúnu Hafberg og Margréti Lindu Alfreðsdóttur. Samanlagt skor þeirra var 1718,4 stig,

300m liggjandi riffill

Keppendur Skotíþróttafélags Kópavogs voru fjölmennir á Íslandsmeistaramótinu í þeirri grein 29. ágúst 201 en Arnfinnur Auðunn Jónsson náði þar 2. sæti.

Lofgreinar

Áhugi á loftgreinum vex stöðugt og iðkendum fjölga. Keppendur Skotfélags Kópavogs staðið sig mjög vel á landsmótum STÍ og eru þar iðulega á verðlaunapalli.

Á Íslandsmeistaramótinu í loftgreinum, 26. apríl 2015 varð kvennasveit félagsins Íslandsmeistari loftskammbysu, Dagný Rut Sævarsdóttir varð Íslandsmeistari í loftskammbysu stúlkna.

Skammbysugreinar

Mikil gróska hefur verið í púðurskammbysugreinunum sem stundaðar eru hjá Skotfélagi Kópavogs en þær eru, Sport skammbysa, Gróf skammbysa, Stöðluð skammbysa og Frjáls skammbysa.

Stöðluð Skammbysa:

Ívar Ragnarsson varð Íslandsmeistari í Staðlaðri skammbysu og A sveit SFK Íslandsmeistari í liðakeppni (Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Ívar Ragnarsson og Ólafur Egilsson)

Sport skammbysa:

A sveit SFK varð Íslandsmeistari í liðakeppninni. Sveitina skipuðu Eiríkur Jónsson, Friðrik Goethe og Ólafur Egilsson. Skor þeirra var 1569 stig.

Gróf skammbysa:

Eiríkur Jónsson, skotíþróttafélagi Kópavogs hampaði Íslandsmeistaratitlinum í opnum flokki með 522 stig og A sveit skotíþróttafélags Kópavogs varð Íslandsmeistari í liðakeppninni með 1520 stig en sveitina skipuðu þeir Eiríkur Jónsson, Friðrik Goethe og Sigurgeir Guðmundsson.

A sveit skotíþróttafélags Kópavogs varð Íslandsmeistari í liðakeppninni með 1520 stig en sveitina skipuðu þeir Eiríkur Jónsson, Friðrik Goethe og Sigurgeir Guðmundsson.

Jóhann A. Kristjánsson formaður SFK



Ísbjörninn



Aðalfundur Ísbjarnarins var haldinn á laugardegi 21.janúar 2017. Á honum voru rædd hefðbundin mál, ásamt því að kjósa í stjórn. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins nema það að þjálfari liðsins Bogi Sigurbjörn Kristjánsson sagði upp störfum hjá félaginu í lok tímabilsins. Vill stjórnin koma fram sýnu besta þakklæti til Boga og um leið óska honum alls hið besta um komandi framtíð. Félagið réð til sín nýjan þjálfra fyrir komandi tímabil, og heitir hann Stefán Gíslason og bjóðum við honum hjartanlega velkominn til starfa.

Lokahóf félagsins var haldin laugardaginn 8. október á samkomustað í miðbæ Reykjavíkur. Verðlaun voru veitt fyrir góða frammistöðu svo fátt eitt sé nefnt en félagsmenn kusu vinningshafa.

Ísbjörninn tók þátt í eftirtöldum mótum á síðasta ári;

Valitorbikarinn 2016, Lengjubikarinn og Íslandsmót í knattspyrnu, 4.deild karla.

Stjórn félagsins:

Formaður: Hafþór Karlsson

Varaformaður og framkvæmdarstjóri: Denis Grbic

Gjaldkeri og ritari: Sigurður Rúnar Birgisson

Fjölmiðlafulltrúi: Gunnlaugur Óskar Geirsson

Þjálfari: Stefán Gíslason

Kveðja,Knattspyrnufélagið Ísbjörninn



Lyftingafélag Kópavogs



Starfsemi Lyftingafélags Kópavogs 2016

Frá okkur fóru 22 keppendur á mót hjá Lyftingasambandi Íslands og 3 keppendur hjá Kraftlyftingasambandi Íslands

Í kraftlyftingum eignuðumst við 2 Íslandsmeistara í klassískum kraftlyftingum, og setti Ellen Ýr Jónsdóttir nýtt Íslandmet í hnébeygju 165.5 kg sem var þyngsa lyfta sem kona hefur tekið á Íslandi, þetta gerði hún á sýnu fyrsta móti.

Í ólympískum lyftingum náðum við mjög góðum árangri. Á Íslandsmeistaramótinu eignuðumst við Íslandsmeistara kvenna í 63 kg flokki þegar Helena Ingvarsdóttir vann þann flokk. Á Íslandsmeistaramóti unglinga fengum við 2 silfurverðlaun.

Á unglingamóti UMFÍ sendum við 3 keppendur sem stóðu sig frábærlega. Mjög gott kynningarmót og hvet ég félög til að senda keppendur á þetta mót.

Á haustmótið sendum við 4 keppendur og náðu þau öll góðum árangri. Jólammót LSÍ var haldið af okkur í LFK og var það haldið í Sporthúsinu í Kópavogi. Þetta var fjölmennasta lyftingamót sem haldið hefur verið á Íslandi og var það mikill heiður fyrir LFK að halda það. Mótið gekk mjög vel og var keppt í fyrsta sinn á tveim pöllum samtímis, mjög flott fyrirkomulag sem gekk vel og bæði keppendur og áhorfendur ánægðir. LFK hefur staðið sig mjög vel í dómgæslu á mótum LSÍ, höfum við lagt mikið úr því að eiga góða dómara og sinna því verkefni vel. LFK hefur mikið komið að dómgæslu og með starfsmönnum móta LSÍ, hvort sem er minni mót eða uppí Norðurlandamót unglinga sem haldið var hérna á Íslandi.

LFK eignaðist á síðasta ári 3 lyftingastangir, þær komu að miklu gangi í þjálfun og uppbyggingu félagsins. LFK hefur sett að stað verkefni til að auka búnað félagsins.



Sprettur



Stjórn Spretts árið 2016 var þannig skipuð: Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður, Hermann Vilmundarson varaformaður, Berglind Guðmundsdóttir gjaldkeri, Ragna Emilsdóttir ritari, Kristín Njálsdóttir, Sigurður Tyrfingsson, og Helga Hermannsdóttir meðstjórnendur. Fjöldi félaga hefur verið um 1300 manns.

Uppbygging á félagssvæði Spretts hefur verið í miklum blóma á síðasta starfsári og hafa risið hesthús þar samtals um 1800m² sem lætur

nærri að hýsi um 150-200 hross ásókn í svæðið er mikil og er fyrirhuguð úthlutun lóða nú á vordögum fyrir annan eins fjölda. Mótahald á vegum Spretts var með hefðbundnu sniði. Haldið var hestaíþróttamót og gæðingamót sem jafnframt var úrtaka fyrir Landsmót (LM) 2016. Sprettur sendi myndalegan hóp keppenda á LM og var árangur þeirra frábær. Sprettur eignaðist tvo Landsmótsigurvegara, og áttir keppendur í úrslitum í öllum greinum.

Sprettur eignaðist líka 3 Íslandsmeistara 2016, tvo í unglingaflokki og einn í ungmennaflokki. Þá var áhugamannadeildin á sínum stað og þátttaka þar fór framúr björtustu vonum bæði meðal keppenda og áhorfenda. Að auki þá voru haldin fjölmörg mót bæði stór og smá fyrir félagsmenn. Kynjaskipting átti sér einnig stað í mótahaldinu, haldið var kvennatölt í apríl þar sem mættu til leiks vel á annaðhundrað konur þrúbúnar á glæsihestum, og var keppninni flokkaskipt eftir getu. Einnig var haldið karlatölt og var þátttaka þar með besta móti. Þó verður það að játast að sem fyrr þá voru mun fleiri karlar í kvennatöltinu en karlatöltinu, það er að segja í stúkunni. Sprettur fór í mikið umhverfisáttak á félagssvæði sínu. Farið var í uppgræðslu og landfyllingu á

svæði sunnan keppnisvalla, ásamt því að farið var í gróðursetningu trjáa á svæðinu. Áætlað er að ljúka fysta hluta þess átaks á þessu ári. Æskulýðsnefnd Spretts fór af stað með fjórða starfsár sitt og hófst starfið með hefðbundnum hætti.

Að vanda var lögð áhersla á að vera með viðburði sem henta öllum aldurhópum æskunnar og áhugasviði. Bæði fyrir þau sem hafa áhuga á keppni og einnig fyrir þau sem ríða út sér til skemmtunar. Dagskrá vetrarins var metnaðarfull og var nóg um að vera, æskulýðsnefndin stóð að 16 viðburðum tengdum æskulýð og hestamennsku. Boðið var upp á kennslu í knapamerkjum vinsælu. Bóklegu tímarnir hófust í nóvember og stóðu fram til miðs desember 2015. Um miðjan janúar 2016 var svo farið af stað með verklegu tímana í reiðhöllinni. Vel heppnaður Prauta- og leikjadagur Spretts fór fram á Föstudaginn langa þann 25.mars. Frábær mæting frá ungu knöpum en alls voru 78 börn skráð til leiks. Mikil keppni var um besta tímann í brautinni og stóðu knapar og hestar sig með miklum sóma. Eftir prautabrautina var grillað og allir knapar leystir út með páskaeggjum í tilefni af páskahátíðinni. Frábær og vel heppnaður dagur í Spretti og skemmtileg hefð sem hefur skapast í kringum þennan dag.

Dagur íslenska hestsins 1. maí.

Sprettur hélt daginn hátiðlegan og bauð upp á dagskrá í reiðhöll Spretts fyrir unga sem aldna. m.a. var boðið upp á að teyma undir börnum, sett var upp prautabraut sem allir máttu spreya sig á, og tekið á móti gestum og gangandi í hesthúsum á félagssvæðinu Hestamennska er fjölbreytt íþrótt og meginþorri iðkenda stundar þessa

íþrótt sér til heilsubótar og ánægju. Aldursbilið í íþróttinni er stórt, hápunkur hvers árs í hestamennsku er að fara í eina góða hestaferð, í hestaferðum er ekkert kynslóða bil allir geta tekið þátt og markmiðið allaf þá sama að njóta þess að stunda hestaíþróttina í fallegu umhverfi og góðra vina hópi.

Mikilvægt er fyrir okkur sem stundum hestaíþróttir á þéttbýlissvæði að standa vörð um skipulag svæða í kringum hesthúsabyggðir þannig að ekki verði þrengt um of að starfsemi hestaíþróttafélaga, best er að vinna þetta í sátt og samlyndi við sveitafélög og aðra viðkomandi aðila.



Stjarnan



Aðalfundur félagsins var haldinn í Stjörnuheimilinu miðvikudaginn 11. maí 2016 og var hann vel sóttur. Dagskrá fundarins var hefðbundin. Lúðvík Örn Steinarrsson var fundarstjóri. Kynntar voru skýrslur stjórna og deilda og reikningar lagðir fram. Heildarvelta félagsins á árinu 2015 var 719 milljónir króna og hagnaður af rekstrinum var 18,5 milljónir. Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða á fundinum.

Sigurður Bjarnanson var endurkjörinn sem formaður félagsins. Í aðalstjórn félagsins voru endurkjörin þau Þorsteinn Þorbergsson og Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir og varamenn í stjórn þau Sigríður Dís Guðjónsdóttir og Þorsteinn Júlíus Árnason. Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Þórdís Sigurbjörnsdóttir varaformaður, Þorsteinn Þorbergsson gjaldkeri, Kristján B. Thorlacius ritari og Ásta Kristjánsdóttir meðstjór-

nandi. Framkvæmdastjóra skipti urðu á árinu en Jóhannes Egilsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri um miðjan maí, Ása Inga Þorsteinsdóttir tók við af honum í byrjun júlí.

Íþróttastarfið í Stjörnunni var sem fyrr í miklum blóma. Mikill kraftur er í öllum deildum félagsins en ber þá árangur meistaraflokks kvenna í knattspyrnu einna helst eftirtekt. En þær gerðu sér lítið fyrir og unnu Íslandsmeistaratitilinn í fjórða skipti á 6 árum. Með Íslandsmeistaratitlinum 2016 vann Stjarnan það einstæða afrek að hafa unnið annan hvorn eða báða stóru titlana í íslenski kvennaknattspyrnu, Íslandsmeistaratitil eða bikarmeistaratitil, sex ár í röð. Þetta hefur ekkert annað félag afrekað frá því að tekin var upp 10 liða keppni í úrvalsdeild kvenna. Meistaraflokkur karla átti einnig mjög gott sumar og endaði í öðru sæti í deildinni og tryggði sér þar sem sæti í Evrópukeppninni næsta sumar. Mikil gjóska er í Fimleikadeild Stjörunnar og urðu stúlurnar í meistaraflokki Íslands- og Bikarmeistarar árið 2016. Einnig er að koma upp sterkur hópur í liði blandaðra liða. Dagfinnur Ari Normann karftlyftingarmaður frá Stjörnunni átti einnig mjög gott ár, en hann varð í 4.sæti á HM í bekkpressu í klassískum lyftingum, 2.sæti á EM og 3.sæti á NM unglunga. Stjarnan er virkilega stolt af Dagfinni og þeirri fyrirmynd sem hann er fyrir aðra í félaginu. Handboltinn var í miklum blóma en stúlurnar í meistaraflokk kvenna eru ríkjandi Bikarmeistarar. Meistaraflokkur karla náði markmiðum sínum og urðu deildarmeistarar í 1.deild og komust þannig upp í úrvalsdeild. Mikil auking er í aðsókn í körfuknattleiksdeild félagsins og stækkar hún hratt. Stjarnan á nú sterk lið bæði í meistaraflokki kvenna og karla og eru óumtírátt orsakatengsl á milli fjölgunar í barna- og unglunga- starfi og sterkra fyrirmýnda í meistaraflokkum deildarinnar. Í blakdeild Stjörunnar en meistaraflokkur karla varð í öðru sæti í deildinni og spilaði til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Meistaraflokkur kvenna varð í 4. sæti í deildinni. Hlaupahópur Stjörunnar er orðinn einn stærsti og öflugasti hlaupahópurinn á höfuðborgarsvæðinu og stóð hann fyrir Stjörnuhlaupinu sem var afar vel sótt.

Barna- og unglungastarf Stjörunnar hefur einnig verið í miklum vexti en félagið hefur stækkað um 43% á síðastliðnum 4 árum. Mestur vöxtur hefur verið í fimleika-, knattspyrnudeild en aðrar deildir hafa einnig verið að vaxa.

Gróttu



Aðalfundur Íþróttafélagsins Gróttu fór fram 7. apríl 2016 í hátíðarsal Gróttu. Rekstrarniðurstöður ársins voru viðunandi. Arnar Rafn Birgisson fór úr aðalstjórn og Kristinn Þorvaldsson kom í hans stað. Auk þeirra eru Elín Smáradóttir, formaður, Hreinn Októ Hreins-



son, Ragnar Rafnsson og Sigrún Hallgrímsdóttir í aðalstjórn ásamt formönnum allra deilda félagsins.

Á árinu 2016 náðist framúrskarandi árangur á ýmsum sviðum hjá íþróttafélaginu Gróttu. Fanney Hauksdóttir bætti Íslands- og Norðurlandamet í -63 kg flokki á heimsmeistaramótinu í bekkpressu með búnaði í Danmörku í apríl þar sem hún lyfti 152,5 kg. Auk þess varð hún heimsmeistari í klassískri bekkpressu (án búnaðar) í -63 kg flokki í Suður Afríku þar sem hún bætti sitt eigið Íslandsmet og lyfti 105 kg. Fanney bætti svo aftur Íslandsmet sitt í bekkpressu á Íslandsmeistaramótinu í klassískum lyftingum þegar hún lyfti 108kg og varð Íslandsmeistari í 63 kg flokki.

Meistaraflokkur kvenna í handbolta urðu Íslandsmeistarar í annað árið röð auk þess sem liðið varð meistari meistaranna á haustmánuðum. Liðið vann einnig til silfurverðlauna í Coca-cola bikarkeppninni og varð í öðru sæti í Ólís deild kvenna. Karlalið félagsins í handbolta endaði í 5. sæti í Ólís deild karla auk þess sem liðið komst í úrslit Coca-cola bikarkeppinnar. Yngri flokkar handboltans eru á góðum stað, öflugt starf unnið og árangur góður innan vallar sem utan.

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu tók til starfa og lék í 1. deild kvenna. Meistaraflokkur karla vann sér sæti í 1. deild með mjög ungu liði þar sem margir Gróttumenn stigu sín fyrstu skref í meistaraflokki. Mikil fjölgun iðkenda hefur orðið hjá knattspyrnudeildinni og eru þeir nú orðnir fleiri en 300 talsins

Starf fimleikadeildar, sem er stærsta deild félagsins, hefur gengið vel. Nanna Guðmundsdóttir var valin í úrvalshóp fullorðinna og Sóley Guðmundsdóttir í úrvalshóp unglunga. Gróttu fagnar innilega nýgerðum samningi Seltjarnarnesbæjar og Reykjavíkurborgar um stækkun fimleikaaðstöðu hjá félaginu og íþróttaaðstöðu almennt.

Íþróttafélagið Gróttu tók við rekstri íþróttamannvirkja Seltjarnarnesbæjar 1. september 2016. Gróttu hefur lengi barist fyrir því að fá tækifæri til að annast reksturinn og fara fyrstu mánuðirnir vel af stað.

Fanney Hauksdóttir, kraftlyftingakona varð fyrir valinu sem íþróttamaður Gróttu árið 2016 en kjörið fór fram í lok árs. Íþróttamaður æskunnar var valinn úr hópi ungra og efnilegra íþróttamanna félagsins og var það handboltakonan Anna Katrín Stefánsdóttir sem fékk þá viðurkenningu. Við sama tækifæri var því fólki, sem unnið hefur mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins verðlaunað.



Tennisélag Garðabæjar



Stjórn Tennisélags Garðabæjar skipa skipa Eypór Rafn Þórhallsson formaður, Luigi Bartolozzi meðstjórnandi og Davíð Ármann Eypórsson ritari.

Yfirþjálfarar félagsins eru Jón Axel Jónsson, Milan Kosicky og Davíð Ármann Eypórsson.

TFG var stofnað þann 4. desember 2008 og stunda félagsmenn æfingar í Tennishöllinni að Dalsmára, Kópavogi, í samstarfi við Tennisélag Kópavogs (TFK) og Badmintonfélag Hafnarfjarðar (BH). Tennisæfingarnar samanstanda af Tennisskóla, Tennisakademíu og Tennis- og leikjaskóla. Jafnframt hefur félagið boðið upp á mini Tennis æfingar tvisvar í viku fyrir yngstu aldurflokkana í Ásgarði í Garðabæ. Tennisélag Garðabæjar hefur haft tryggn aðgang að aðstöðu til tennisíðkunar fyrir félagsmenn sína í Tennishöllinni að Dalsmára. Þó aðstaðan sé staðsett í Kópavogi hefur nálægð Smárans við Garðabæ gert það að verkum að aðstaðan hefur nýst félaginu mjög vel og hlutfallslega eru margir Garðabæingar að æfa tennis miðað við önnur sveitarfélög í nágrenninu. Tennisélaginn hafa þar m.a. staðið

fyrir mánaðarlegum tennismótum og vikulegum áskorendakeppnum fyrir efnilegustu og lengst komnu börn og unglunga. Félagið hefur notið mikils stuðnings Tennishallarinnar frá stofnun félagsins auk árlegs styrks frá Garðabæ.



UMFÁ



Aðalfundur UMFÁ var haldinn 6.apríl 2016 í Íþróttamiðstöð Álfaness.

Eftirfarandi einstaklingar voru kjörnir í stjórn:

Guðjón Þorsteinsson, formaður

Kjartan Örn Sigurðsson, varaformaður

Einar Georgsson, gjaldkeri

Ágúst Jóhann Auðunsson, ritari

Úlfar Haraldsson, meðstjórnandi

Varamaður: Sveinborg Lovísa Hauksdóttir

Ungmennafélag Álfaness er með 6 deildir starfræktar, þ.e. knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, blakdeild, frjálsíþróttadeild, taekwondodeild og almenningssíþróttadeild. Félagið er einnig í samstarfi við sunddeild Stjörnunnar og boðið er upp á æfingar í Álfaneslaug auk þess sem iðkendur UMFÁ eiga kost á að sækja æfingar í Garðabæ. Þetta er sjöunda árið sem félögin eru í samstarfi og hefur það mælst vel fyrir. Sunddeild Stjörnunnar sér einnig um sundnámskeið leikskólabarna á sumrin í Álfaneslaug.

Knattspyrnudeildin er sem fyrr langstærsta deildin. Álfanes spilaði alla leiki sína á síðasta ári á nýjum gervigrasvelli, sem hefur reynst mikil lyftistöng fyrir félagið. Völlurinn er í fullri stærð og er upphit-

aður. Meistaraflokkur karla spilaði í 4.deild og meistaraflokkur kvenna í 1.deild. Stúlkurnar spiluðu úrslitaleikinn á Íslandsmótinu innahúss en töpuðu þar fyrir Selfossi.

Blak er vinsæl íþróttagrein á Álfanesi og þá aðallega hjá fullorðnum. Nú eru bæði starfandi karla- og kvennablaðið sem taka þátt í Íslandsmótinu. Karlaflokkurinn fer ört stækkandi en þeir æfa með karlaliði Stjörnunnar. Boðið var upp á námskeið í krakkablaði á árinu.

Félagið býður sem fyrr upp á Íþróttaskóla barnanna en þar geta börn á leikskólaaldri stundað alhliða hreyfinám undir handleiðslu íþróttaræðinga.

Skokkhópur var formlega stofnaður árið 2010. Forsvarsmenn hópsins hafa aðstoðað nýliða við að komast af stað og hefur hlaupurum fjölgað umtalsvert á síðustu mánuðum.

Frjálsar íþróttir hafa fest sig vel í sessi sem íþróttagrein hjá félaginu en þetta er níunda árið í röð sem félagið býður upp á æfingar í frjálsum íþróttum.

Á haustmánuðum 2015 byrjuðu tilraunaæfingar í taekwondo. Þátttakan hefur verið vonum framar og ljóst að íþróttagreinin er komin til að vera.



Ásdís Jóna Karlsdóttir, Sigurbjörn H. Ólafsson, Margrét Hjálmsdóttir og Freyr Bjartmars.

Glóð



Íþróttafélagið Glóð í Kópavogi starfsárið 2016

Aðalfundur Íþróttafélagsins Glóðar var haldinn 25. janúar 2017. Hér er útdráttur úr skýrslu stjórnar fyrir árið 2016.

Mikil starfsemi var á árinu. Glóð tók þátt í evrópski fimleikahátíð, Golden Age, sem fram fór í Portoroz í Sloveníu dagana 2.–7. október. Það var 27 manna hópur ásamt þjálfara sem tóku þátt frá Glóð. Ferðin gekk vel og félagar sem tóku þátt í sýningum stóðu sig vel. Það var fallegur svipur yfir hópnum.

Það voru rétt um 100 manns sem tóku þátt frá Íslandi í þessum sýn-

ingarhópum á vegum Fimleikasambands Íslands. Þetta var í fimmta skiptið sem þessi fimleikahátíð var haldin í Evrópu og tóku ellefu evrópsk lönd þátt. Mjög mikill undirbúningur var hjá Glóð fyrir ferðina bæði vegna þess að sauma þurfti búninga á allan hópinn og auðvitað þrælæfa atriðin sem hópurinn var með. Næsta „Golden Age“ verður haldið á Ítílu haustið 2018.

Æfingahópar í línudansi hjá Glóð voru 5 talsins á árinu eða u.þ.b. 180 nemendatímar. Æft var í íþróttasali Kópavogsskóla og í Félagsmiðstöðinni Gullsmára.

Íþróttafélagið Glóð tók á árinu þátt í ýmsum keppnum í ringó og boccia.

Boccia: Í febrúar var keppt í boccia á UMSK móti í Mosfellsbæ og í október var bocciamót á Akranesi.

Ringó: Í mars var keppt í ringó í Borgarnesi sem var í boði UMSB. Þar kepptu tvö lið frá Glóð og úrslitin urðu þau að Glóð vann gullið.

Í maí var keppt á ringómóti á Hvalselli. Þar kepptu tvö lið frá Glóð og úrslitin urðu þau að Glóð fékk 3. verðlaun.

Glóð tók þátt í landsmóti UMFÍ 50+ á Ísafirði í júní. Ekki var um skipulagða ferð á vegum Glóðar en það voru nokkrir Glóðarfélagar á mótinu og eitt lið keppti í ringó og unnu þau silfurverðlaun.

Það er að færaðast meira fjör í ringó og æ fleiri eru farnir að spila það.

17. júní kaffihlaðborðið var á sínum stað í félagsmiðstöðinni Gjábakka en það er ein af fjárflyunarleiðum félagsins.

Vetrarstarfsemin byrjaði fyrst í janúar í línudansi, boccia og ringó. Bætt var við zalsanámskeiði sem mjög vel var sótt. Hinu formlega vetrarstarfi lauk í byrjun maí.

Æfingar á haustönn byrjuðu svo formlega fyrst í september nema hjá Golden Age hópnum sem byrjaði æfingar sínar í byrjun ágúst.

